



Bls. 44

Góðir vinnufélagar

Bls. 27

Nýtt tækifæri

Bls. 38

Táknrænt

Bls. 10



Samningar lausir

Bls. 12



Ætlaði í læknisfræði

Bls. 22



Petta er svo skemmtilegt

Fýkur yfir herðar?



Dermatín

GEGN FLÖSU OG SVEPPASÝKINGUM Í HÁRSVERÐI



Notkunarsvið: Dermatín er hársápa sem inniheldur ketoconazol og er notuð við flösu og öðrum sveppasýkingum sem valda kláða og flögnun í hársverði. Lyfið er einnig notað við staðbundinni litbrigðamyglu (pityriasis versicolor). Varúðarreglur: Þeir sem hafa ofnæmi fyrir einhverjum af innihaldsefnum lyfsins mega ekki nota lyfið. Forðast skal að hársápan berist í augu. Aukaverkanir: Allt að 4% notenda fá aukaverkanir af völdum sápunnar. Aukaverkanirnar eru fáar, þær helstu eru staðbundin erting og þurr og stökkt hár. Þessi einkenni hverfa þegar meðferð er hætt. Skömmtnun: Nákvæmar leiðbeiningar um notkun og skömmtnun fylgja lyfinu. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. 15.05.98



Útgefandi:

Efling-stéttarfélag
Sæturni 1

Ábyrgðarmaður

Sigurður Bessason

Ritstjóri

Þráinn Hallgrímsson

Blaðamaður

Róbert Ágústsson

Ritstjórn

Garðar Vilhjálmsson
Guðmundur Þ. Jónsson
Sigurður Bessason
Þórunn Sveinbjörnsdóttir

Starfsmenn á skrifstofu

Elva Tryggvadóttir
Fjóla Jónsdóttir
Garðar Vilhjálmsson
Guðmundur Þ. Jónsson
Guðrún Kr. Ólafsdóttir
Harpa Ólafsdóttir
Hjálmarfríður Þórðardóttir
Hjördis Baldursdóttir
Hjördis Þorsteinsdóttir
Hulda Hafsteinsdóttir
Ingunn Þorsteinsdóttir
Kristjana Valgeirsdóttir
Margrét Davíðsdóttir
Sigríður Ólafsdóttir
Sigurður Bessason
Sigurlaug Gröndal
Stefanía Guðmundsdóttir
Sveinn Ingvason
Trygvi Marteinsson
Þórdís Andrésdóttir
Þórir Guðjónsson
Þórunn Sveinbjörnsdóttir
Þráinn Hallgrímsson

Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta

Björk Stefánsdóttir
Elín Baldursdóttir
Hallsteinn Friðbjófsen
Jóna Vigdís Kristinsdóttir

Starfsafl

Marianna Traustadóttir

Útlit og umbrot

Einn, tveir og þrír,
auglýsingastofa

Prentun og bókband

Oddi hf.

Auglýsingar

Hænis sf

Ljósmyndir og aðstoð við útgáfu

Róbert Ágústsson

Á forsiðu

Kusse Soka

Aðsetur

Efling-stéttarfélag, Sæturni 1
sími 510 7500/fax 510 7501

Úthlutunarnefnd

Útborgun atvinnuleysisbóta er annan hvern
fimmtudag. Atvinnuleysisbætur eru greidd-
ar inn á bankareikning viðkomandi.
Sími úthlutunarnefndar er 510 7510
myndsendir: 510 7511



Sigurður Bessason

Krafa um jöfnun lífeyrisréttinda

Eftirlaunalög forsætisráðherra settu samningsmál Flóabandalagsins og annarra stéttarféлага upp í loft skömmu fyrir jólaaleyfi þingmanna. Sterk viðbrögð almennings í landinu gagnvart sérstökum launahækkunum forystu-
manna á þingi og forsætisráðherra urðu til þess að ný krafa var sett fram um jöfnun lífeyrisréttinda bæði á almennum markaði og gagnvart ríkinu. ASÍ krafðist þess að frumvarpið yrði kostnaðarmetið og kom þá í ljós að lágmarksmat á kostnaði sýnir hátt á annað hundrað milljónir króna.

Forystumenn ASÍ gerðu allt sem unnt var til að afstýra því slysi sem varð í þinginu með eftirlaunafrumvarpinu. Blásið var til útifundar við Alþingishúsið þar sem fjöldi manns kom saman þrátt fyrir boðun fundar með nokkurra klukkustunda fyrirvara. Hörð mótmæli almennings breyttu engu um áform alþingismanna.

Starfsgreinasamband Íslands og Flóabandalagið hafa nú metið það svo nauðsynlegt sé að taka samninga ASÍ, SA og við ríkið um lífeyrismál til endurskoðunar með það að markmiði að réttindi alls launafólks verði samræmd við lífeyrisréttindi í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Ef marka má orð forsætisráðherra um rétta tímasetningu virtist hann gera ráð fyrir því að verkalýðshreyfingunni gæfist kostur á að bæta í kröfugerðina til þess að fylgja fordæmi þingsins. Nú reynir á fjármálaráðherra eina ferðina enn í þessu sjálf-sagða réttindamáli launafólks hjá ríkinu.

Málum gagnvart ríkinu hefur nú verið vísað til ríkissáttasemjara. Það er í reynd forsenda fyrir því að hægt sé að fara í aðgerðir.

Sérkröfuvíðræður hefjast nú í janúar við Samtök atvinnulífsins og um leið heldur vinna áfram við meginkröfur og skoðun á möguleikum á nýju launakerfi.

Ljóst er að eftirlaunalögin hafa síður en svo orðið til að liðka fyrir kjarasamning-um. Þvert á móti hafa þau gert samningamálin flóknari og erfiðari viðureignar.

Það hlýtur að vera umhugsunarefni fyrir stjórnmalamenn þegar í ljós kemur að þorri landsmanna er andvígur ákvörðunum þeirra í eftirlaunamálum.

Sigurður Bessason
formaður

E F N I S Y F I R L I T

Eftirlaunalögin	4	Börnin hjálpa mér	30
Trúnaðarmenn	6	Athyglisvert	32
Hvernig byggjast lífeyrisréttindi upp?	8	Takt í tilveruna	34
Hvenær eru samningar lausir?	10	Sjálfsstyrking	36
Endaði í flugnámi	12	Borgarleikhúsið	37
Páskaúthlutun orlofshúsa	14	Sjónarhóll	37
Hvað fæ ég endurgreitt?	18	Glæsileg opnun bókasafns	38
Að þekkja forsetann	20	Þjónustuliðanám	42
Þetta er svo skemmtilegt	22	Góðir vinnufélagar	44
Tímamót í heimaþjónustu	24	Starfsmatið	48
Nýtt tækifæri	27	Aðhald í atvinnuleysi	50



Fjöldmennur mótmælafundur var á Austurvelli

Staða samningamála

Eftirlaunalögin töfðu viðræður

Krafa um jöfnun lífeyrisréttinda

Eftirlaunalög forsætisráðherra settu samningmál Flóabandalagsins og annarra stéttarfélaganna upp í loft skömmu fyrir jólaleyfi þingmanna. Sterk viðbrögð almennings í landinu gagnvart sérstökum launahækkunum forystumanna á þingi og forsætisráðherra varð til þess að ný krafa var sett fram um jöfnun lífeyrisréttinda bæði á almennum markaði og gagnvart ríkinu. Þá krafðist ASÍ þess að frumvarpið yrði kostnaðarmetið og kom þá í ljós að lágmarksmat á kostnaði sýnir hátt á annað hundrað milljónir króna.

Þegar kröfugerðin var samþykkt í samninganefnd var lögð áhersla á að lífeyrismálin yrðu unnin á sameiginlegum vettvangi ASÍ. Það er á grundvelli þessara forsenda sem kröfugerðin var tekin upp þegar Alþingi tók þessa stefnu í eftirlaunafrumvarpinu. Samstaða myndaðist meðal landssambandanna innan ASÍ um að krafa um jöfnun lífeyrisrétt-

inda væri eðlilegust í þessari stöðu og félli best að þeirri upprunalegu kröfugerð sem lögð var fram. Þetta voru jafnframt viðbrögð forystumanna Flóabandalagsins.

Forystumenn ASÍ gerðu allt sem unnt var til að afstýra því slysi sem varð í þinginu með eftirlaunafrumvarpinu og var m.a. blásið til útifundar til að mótmæla því. En allt kom fyrir ekki og þrátt fyrir fjölmennan útifund sem var

Málum gagnvart ríkinu hefur verið vísað til ríkissáttasemjara. Það er í reynd forsenda fyrir því að hægt sé að fara í aðgerðir gagnvart ríkinu.

boðaður með fjögurra klukkustunda fyrirvara varð engu breytt um áform alþingismanna.

Nýjum atriðum hefur því verið bætt við kröfugerðina sem eru eftirfarandi:

Breyting og árétting á framlögðum kröfum

„Starfsgreinasamband Íslands og Flóabandalagið telja óhjákvæmilegt að samningar Alþýðusambands Íslands og aðildarfélaganna þess við Samtök atvinnulífsins og ríkið um lífeyrissmál verði teknir til endurskoðunar með það að markmiði að lífeyrisréttindi alls launafólks verði samræmd við lífeyrisréttindi í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Endurskoðunin feli a.m.k. í sér:

- að lágmarksávinnsla lífeyris hækki úr 1,4% í 1,9% á ári,
- að mögulegt upphaf lífeyristöku verði við 60 ára aldur,
- ábyrgð launagreiðanda á umsömdum lágmarkslífeyrisréttindum með því að iðgjaldahluti launagreiðanda taki breytingum í kjölfar árlegrar endurskoðunar.

Launagreiðendur greiði þó að lágmarki 6% af launum þeim er sjóðfélagar taka hjá þeim. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að iðgjald sjóðfélaga til sjóðsins ásamt mótframlagi launagreiðenda dugi ekki til greiðslu á skuldbindingum viðkomandi skyldutryggingarsjóðs skal stjórn sjóðsins hækka framlag launagreiðenda í samræmi við niðurstöðu athugunarinnar. Við ákvörðun á greiðslum launagreiðenda umfram 6% af launum sjóðfélaga ráði það sjónarmið að hrein eign lífeyrissjóðsins til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda séu á hverjum tíma jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Áætlun um framtíðariðgjöld og væntanlegan lífeyri skal miða við sjóðfélaga á þeim tíma sem tryggingafræðileg athugun tekur til.“

Eftirlaunalög forsætisráðherra hafa tafið kjarasamningsviðræður en kjarasamningsviðræður hafa nú verið teknar upp að nýju. Málum gagnvart ríkinu hefur verið vísað til ríkissáttasemjara. Það er í reynd forsenda fyrir því að hægt sé að fara í aðgerðir gagnvart ríkinu.

Sérkröfuvíðræður eru að hefjast nú í janúar við Samtök atvinnulífsins og um leið heldur vinna áfram við meginkröfur og skoðun á möguleikum á nýju launakerfi.



4 frábærir kjúklingaréttir á aðeins

10-15 mín.





Vor í lofti

Spennandi námskeið fyrir trúnaðarmenn

Glæsilegt framboð verður á námskeiðum fyrir trúnaðarmenn félagsins nú á vordögum. Trúnaðarmannanámskeið I og II verða í mars og apríl (nánar auglýst síðar) en þetta eru viku grunnnámskeið sem allir trúnaðarmenn okkar eru hvattir til að sækja. Á þeim er farið í grundvallaratriði sem skipta trúnaðarmenn máli en það eru námsþættir á borð við samskipti á vinnustað, trúnaðarmaðurinn sem forystumaður, starf og stefna stéttarfélagsins, ásamt því sem kynnt eru grundvallaratriði í lögfræði og hagfræði fyrir launafólk.

Eins dags framhaldsnámskeið verða

haldin fyrir trúnaðarmenn sem hafa lokið námskeiði I og II. Á þessum námskeiðum er tekið fyrir eitt málefni og það krufið til mergjar. Hagfræði er á dagskránni í febrúar og lífeyrissjóðakerfið í apríl. Í mars verður kynnt nýtt framhaldsnámskeið sem er heimasíðu-

Í maí er stefnt að enn einni nýjunginni sem er sérstakt námskeið fyrir karlmenn sem trúnaðarmenn á karlkyns vinnustað

leit. Þar verður trúnaðarmönnum kennt að afla sér gagnlegra upplýsinga á netinu er varða réttindi og skyldur launafólks. Í maí stefnum við að enn einni nýjunginni sem er sérstakt námskeið fyrir karlmenn sem trúnaðarmenn á karlkyns vinnustað. Þar verður farið sérstaklega í þau vandamál sem upp koma á karlkynsvinnustöðum og trúnaðarmönnum kennt að takast á við þau.

Takt-í-tilveruna

Stefnt verður að því að halda áfram með „Takt-í-tilveruna“ námskeiðin okkar í samvinnu við Tryggingastofnun ríkisins og hvetjum við alla trúnaðarmenn til að kynna sér þau námskeið. Sérstaklega er fjallað um þau annars staðar í blaðinu.

Rætt hefur verið um að bjóða öllum trúnaðarmönnum Eflingar á sérstakt hópeflisnámskeið út fyrir bæinn eina dagstund í vor, kynnast betur og gera okkur glaðan dag. Nánar verður fjallað um það síðar.

Hvað	Hvenær	Klukkan hvað	Hve lengi
Trúnaðarmannanámskeið I	mars	9.00-16.00	1 vika
Trúnaðarmannanámskeið II	apríl	9.00-16.00	1 vika
Trúnaðarmannanámskeið frh. Hagfræði	19. febrúar	9.00-16.00	1 dagur
Trúnaðarmannanámskeið frh. Heimasíðuleit	12. mars	9.00-16.00	1 dagur
Trúnaðarmannanámskeið frh. Lífeyrissjóðakerfið	15. apríl	9.00-16.00	1 dagur
Trúnaðarmannanámskeið frh. Karlar á vinnustað	6. maí	9.00-16.00	1 dagur
Trúnaðarmannanámskeið frh. „Takt-í-tilveruna“	mars/apríl - auglýst síðar	9.00-12.00	2 x 1/2 dagur



Nýtt líf með Nicorette

Það eru tvöfalt meiri líkur á að þú hættir að reykja ef þú notar Nicorette.

nicorette®

Hljápartæki sem inniheldur nikótín sem kemur í stöð nikkótíns við reykjingu og dregur þessig úr fráhvarfseinkennum og auðveldar líkni að hætta að reykja eða draga úr reykjum. Gæta verður veriðar við notkun lyfjanna hjá göglingum með alvarlega hjarta- og æðasjúkdómum. Reykingar geta aukð hættu á brúðkaupsamandun og það sama á við ef nikkótín er notuð samhlutis lyfjum sem innihalda gestagen-östrógen (t.d. getnaðsvernartíflur). Þungaðar konur og konur með börn á brjósti ætlu ekki að nota nikkótín. Þeir sem eru með sjúkurnu, ófærðu skuldkerfi eða krónískum ega að fara varlega í að nota Nicorette þunguðröðflur. Lyfið er ekki ætíð sömum ygru en 15 ára nema í samráði við lækni. Nicorette er til sem tryggðum, forþráðum sem er límdur á húð, netíð, íbúur sem setta eru undir tangi og sem sögðu. Skammtur lyfjanna er einstaklingsbundur. Læðsveikir um rétta notkun eru í fylgiseðli með lyfjum. Þrátt er að lyfið sé notað rétt og í tiltekiðan tíma til að sem bestur árangur náist. Með hvern pakkningu lyfna er fylgiseðill með nákvæmum upplýsingum um hvernig nota á lyfin, hvaða aukaverkanir þú geta haft og fleira. Lesstu fylgiseðilinn vandlega áður en þú byrjar að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: Pfizer ApS - innflytjandi: PharmaNex ehf., Hörgálför 2, 230 Garðabær



Opinberir starfsmenn og launafólk innan ASÍ

Hvernig byggjast lífeyrisréttindi upp?

Nú þegar samningar eru lausir og menn velja fyrir sér hvort kjör þeirra verði bætt með nýjum samningum, þá er mikilvægt að skoða kröfurnar í heild sinni.

Það er vissulega áriðandi að ná fram launakröfum, en það er ekki síður brýnt að bæta slysatryggingar og ná betri lífeyrisrétti. Í eftirfarandi grein er leitast við að skýra út og bera saman lífeyrisrétt eins og hann er á almennum markaði annars vegar og í stéttarfélögum opinberra starfsmanna hins vegar.

Í lögnum sem að lífeyrissjóðirnir starfa eftir, þá er tilgreind lágmarks-tryggingavernd sem að lífeyrissjóðir þurfa að veita. Lágmarkið er ævilangur ellilífeyrir frá 70 ára aldri hið síðasta og skal upphæðin nema a.m.k. 56% af þeim mánaðarlaunum sem greitt hefur verið að jafnaði á 40 ára innngreiðslutíma. Til þess að standa undir lágmarkstryggingaverndinni er launþeginn að greiða 4% af launum sínum og at-

vinnurekandi 6% mótframlag, þannig að iðgjöldin eru samtals 10% af launum.

Lífeyrissjóðir á almennum vinnu- markaði njóta ekki bakábyrgðar launagreiðenda, heldur ráðast lífeyrisréttindin fyrst og fremst af raunávöxtun til lengri tíma. Samkvæmt lögnum er lágmarks-

Hjá opinberum starfsmönnum er lágmarksávinnsla lífeyris 1,9% á ári og njóta lífeyrissjóðir þar bakábyrgðar launagreiðenda

réttindaávinnslan 1,4% á ári en þó eru ekki allir lífeyrissjóðir að miða við það hlutfall. Réttindin geta því verið mismunandi hjá einstökum lífeyrissjóðum og þannig er t.d. Lífeyrissjóður Framsýnar með 1,5%.

Bakábyrgð ríkis hjá opinberum starfsmönnum

Hjá opinberum starfsmönnum er lágmarksávinnsla lífeyris 1,9% á ári og njóta lífeyrissjóðir þar bakábyrgðar launagreiðenda. Þannig að ef að í ljós kemur að eignirnar og ávöxtun þeirra duga ekki fyrir skuldbindingum er vinnuveitandanum skylt að bæta það sem upp á vantar með hækkun mótframlags síns. Launþeginn greiðir áfram einungis 4% iðgjald eins og áður. Í Aðild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins greiða ríki og sveitarfélög nú 11,5% mótframlag, þannig að heildariðgjöld eru 15,5%.

Almennir lífeyrissjóðir byggja á stigum og verðtryggja lífeyrisgreiðslur með því að miða þær við svokallaða grundvallarfjárhæð. Það er fjárhæð sem breytist mánaðarlega í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs, en í desember 2003 var hún 64.609 kr. Hafi sjóðfélagi greitt af launum, sem voru jafnhá grundvallarfjárhæðinni, fær hann 1,0 stig fyrir það ár. Ef laun hans voru helmingur af grundvallarfjárhæðinni fær hann 0,5 stig fyrir umrætt ár. Ef laun hans voru aftur á móti tvöföld grundvallarfjárhæðinni fær hann 2,0 stig fyrir það ár.

Dæmi

Tökum hér einfalt dæmi af Jóni Jónsyni sem hefur haft 150.000 kr. í mánaðarlaun í 35 ár og greitt í Lífeyrissjóð Framsýnar.

$$\text{Stig} = \frac{10\% \text{ af } 150.000}{10\% \text{ af } 64.609} * 35 \text{ ár} = 81,258 \text{ stig}$$

Ellilífeyririnn er síðan fundinn með því að margfalda heildarstigin með réttindastuðlinum 1,5 og síðan aftur með grundvallarfjárhæðinni:

$$\text{Ellilífeyrir Jóns í desember 2003} = 81,258 * 1,5\% * 64.609 = 78.750 \text{ kr.}$$

Hefði ellilífeyrir Jóns hins vegar verið miðaður við réttindastuðul opinberra starfsmanna, þá hefði dæmið litið þannig út:

$$81,258 * 1,9\% * 64.609 = 99.750 \text{ kr.}$$

Hér er töluverður munur á en kröfur fólks innan stéttarfélaganna í ASÍ hafa einmitt miðast við að jafna þennan mun.

**kvöld
eftirmiðdaga
morgna**



v o r ö n n 2 0 0 4

Vatnslitur
Leirkerarennsla
Leirmótun
Keramík
Barnanámskeið
Fullorðinsfræðsla
Unglinganámskeið
Ljósmyndun fyrir unglinga
Teikning
Módelteikning
Módel / teikning og mótun
Formfræði / Hönnun
Litafræði
Málun
Módelmálun
Barna- og unglinganámskeið einnig í Breiðholti

skráning hafin

sími 551 1990

mán. - fim. kl. 14 - 18 og fös. kl. 14 - 17

G

J

A

F

A

B

R

É

F

MYNDLISTASKÓLINN

Í R E Y K J A V Í K

Hvenær eru mínir samningar lausir??

- Hverjar eru kröfurnar??

Efling - stéttarfélag er víðfemt stéttarfélag og félagsmannahópurinn er fjölbreyttur. Efling gerir fimm aðalkjarasamninga fyrir almenna vinnumarkaðinn ásamt því að semja fyrir félagsmenn sem starfa hjá ríki, borg og sveitarfélögum. Meðfylgjandi yfirlit skýrir stöðu

samningamála vegna kjarasamninga sem félagið hefur gert ásamt því sem helstu upplýsingar um gildistíma og kröfur eru tilteknar. Nánari upplýsingar má fá hjá félaginu í síma 510-7500 eða á heimasíðu félagsins www.efling.is undir síðunni kjaramál.



Hvaða samningur

Hvenær er samningurinn laus

Almennur markaður.

Á almennum markaði semur Efling með Flóabandalaginu sem eru auk Eflingar Hlíf í Hafnarfirði og Verkalýðsfélag Keflavíkur og nágrennis. Helstu samningar eru

- * Almennt launafólk
- * Iðnverkafólk
- * Hótel- og veitingahús

Auk þess eru nokkrir sérkjarasamningar og fyrir-tækjasamningar.

Samningur var laus 1. janúar s.l.

Aðalsamninganefnd hefur verið kölluð saman þrisvar sinnum auk fjölda funda með fulltrúum úr einstaka starfsgreinum

Kjarasamningur við ríkið

Samningaviðræður eru sameiginlegar með félögum með ríkissamninga innan Starfsgreinasambandsins

Samningur var laus 1. janúar s.l.

Trúnaðarmenn hafa verið á fundum hjá Eflingu-stéttarfélagi

Kjarasamningur við hjúkrunarheimili og sjálfs-eignarstofnanir

Fylgir á eftir samningi við ríkið.

Trúnaðarmenn kallaðir saman í janúar 2004.

Samningar við Kópavog og Seltjarnarnes.

Unnið að samræmingu við kjarasamning launaneftdar sveitarfélaga.

Samningur laus 1. janúar s.l.

Samningur við Reykjavíkurborg og tengd fyrirtæki ásamt einkareknum leikskólum.

Samningur er laus 30. nóvember 2005

Samningar við ríkið þokast hægt

Starfsmenn að missa þolinmæðina

Samninganefndarfulltúar Eflingar-stéttarfélags hafa verið á fundum með samninganefnd ríkisins á mörgum fundum frá s.l. hausti. Rétt fyrir jólin var samningaviðræðunum vísað til sáttasemjara. Nú hafa farið fram tveir fundir undir stjórn sáttasemjara og verður haldið áfram vinnu í annarri viku janúar. Vinnan við gerð kjarasamnings þokast afar lítið og er fátt um svör frá samninganefnd ríkisins. Ef vinnan á komandi vikum ber ekki árangur verða aðilar að meta stöðuna og gæti komið til þess að boðað verði til fundar með félagsmönnum Eflingar-stéttarfélags um hvort boða þurfi vinnustöðvun til að ná fram ásættanlegum samningi.

Helstu kröfur

- * Ný launatafla
- * Almennar hækkunir verði 4%-5% á ári
- * Sérstök hækkun lægstu launa.
- * Samningur til 4 ára
- * Auknar slysátryggingar
- * Lágmarksávinnsla lífeyris hækki úr 1,4% í 1,9% á ári.
- * Vinnutímastytting
- * Örugg tryggingaákvæði

Kröfur um leiðréttingu á mismun á réttindum s.s. veikindarétti, tryggingum og lífeyrisréttindum. Launakröfur um sambærileg laun og greidd eru fyrir sambærileg störf hjá Ríki.

Fylgir á eftir samningi við ríkið.
Viðræðuáætlun hefur verið gerð.

Samræming við réttindi opiberra starfsmanna.
Verið að ganga frá viðræðuáætlun.

Viðræður í gangi um nýtt starfsmatskerfi

s k o ð a ð u

borgardagatalið á

www.reykjavik.is



reykjavik.is vefur Reykjavíkurborgar





Þórður Jónsson er ánægður með vini síum Kusse

Í Eflingu við umönnun gamla fólksins á LSH

Ætlaði í læknisfræði en endaði í flugnámi

- Kusse Soka frá Konsó segir frá

Kusse Soka kom til Íslands á jóladag árið 1999 með stóran draum í farteskinu. Hann er frá Konsó í Eþíópíu en þar hafa Íslendingar rekið kristniboðsstarf um árabil. Rifjaðist það upp fyrir mér að fyrir mörgum árum leið ekki sá dagur að ekki væri minnst á Eþíópíu í fréttum útvarps og sjónvarps, vegna hungursneiðar og langvarandi þurrka. En svo hurfu þessar fréttir úr ljósvakamiðlunum og ég minnst þess ekki að hafa heyrt minnst á þessi vandamál síðan. Og þó, kannski eitthvað smávegis.

Þess vegna, var ég dálítið spennur að hitta Kusse eftir að hann hafði fallist á að segja mér sögu sína og fyrst spurði ég hann hvort, ekki hefði verið mikil viðbrigði fyrir hann, að koma til Íslands?

Jú, þau voru gífurlega mikil, segir

Kusse. Ég átti heima í sveit í 500 kílómetra fjarlægð frá Addis Ababa, höfuðborg Eþíópíu og þar býr fólk við allt aðrar aðstæður en tíðkast hér. Margir bændur verða að láta sér nægja að búa við sára fátækt allt sitt líf. Einungis þeir sem hafa tök á að ganga menntaveginnum hafa möguleika á að fá atvinnu og skapa fjölskyldum sínum bjartari framtíð. Pabbi er í launuðu preststarfi og okkur skorti aldrei mat eða aðrar nauðsynjar. En ég kynntist fátæktinni hjá fólki sem bjó tímabundið hjá foreldrum mínum. Þetta fólk var allslaut ef frá eru taldar fátæklegar flíkur og svo sá maður eyndina víða í kringum sig.

Segðu mér meira frá fjölskyldu þinni?

Við erum átta systkini og það var oft

mikið að gera hjá foreldrum mínum. Þau eru ennþá í Konsó en það hefur fækkað nokkuð á heimilinu eins og gerist þegar ungarnir fljúga úr hreiðrinu. Tvær systur mínar fluttu hingað til lands fyrir nokkrum árum og svo bættist ég í hópinn í desember 1999. Tveir bræður mínir búa í Addis Ababa. Sá eldri er kennari en hinn er nýútskrifaður úr háskóla og er byrjaður að vinna. Þegar ég flutti til Íslands var hann ennþá í menntaskóla en lauk því námi fljótlega og ákvað að fara í tölvunám í einkareknum háskóla. Námið kostaði töluverða peninga og ásamt eldri bróður mínum, styrktum við hann fjárhagslega. Ein systir mín býr skammt frá Konsó, ásamt eiginmanni sínum og þremur börnum en tveir yngstu bræður okkar búa ennþá í foreldrahúsum.

Þegar ég var yngri snérist líf mitt að mestu um þátttöku í trúarlegu starfi. Ég fór í sunnudagaskólann hjá pabba ásamt systkinum mínum og hlustaði á guðsorð og svo var sungið við gítarundirspil.

Að öðru leyti fór tíminn að mestu í leiki með öðrum börnum. Fótbolti var vinsæll leikur hjá okkur en við áttum ekki almennilegan fótbolta því að þeir kosta of mikla peninga. Í staðinn notuðum við bolta sem við bjuggum til úr einhverju efni sem við komumst yfir með ýmsum ráðum. Ekta boltar voru eingöngu notaðir í íþróttatímum í skólanum.

Hvað varstu gamall þegar að skólaganga þín hófst?

Ég fór í grunnskóla þegar ég var 7 ára. Á þeim tíma voru leikskólar ekki teknir til starfa í Konsó. En núna geta börnin í höfuðborginni farið á leikskóla 3-4 ára gömul. Að loknu námi í grunnskóla og menntaskóla lærði ég hjúkrun og fór svo að vinna á sjúkrahúsi.

Hvað varð þess valdandi að þú fluttir hingað?

Fyrstu kynni mín af Íslendingum tengjast trúboðum og sjálfboðaliðum sem störfuðu í Konsó. Á sjúkrahúsinu heima störfuðu íslensk hjón, sem áttu tvær dætur og við lékum okkur oft saman á sjúkrahúslóðinni. Svo kynntist ég Margréti Róbertsdóttur og Benedikt Jasonarsyni, þegar þau komu í heimsókn til fjölskyldu systur minnar og það átti eftir að gjörbreyta lífi mínu. Þau komu fyrst til Konsó fyrir c.a. 40 árum sem trúboðar og síðan hafa þau farið víða um Afríku en héldu samt alltaf tryggð við fólkið heima. Í einni

ferðinni kynntust þau fjölskyldu minni og upp frá því hafa þau verið mjög góðir vinir okkar og studdu m.a. systur mína og manninn hennar til náms í Kenýa. Fyrir nokkrum árum ákváðu þau að koma hingað í heimsókn til Margrétar og Benedikts og það er óhætt að segja að þau féllu fyrir landi og þjóð, því að þau fengu sér vinnu og hafa verið hér síðan.

Skömmu seinna flutti önnur systir mín til þeirra. Í samtölum við systur mína hafði ég sagt henni frá áhuga mínum að fara í læknisnám og í samtali sem hún átti við systurson Margrétar, sagði hún frá þessum áformum. Hann lýsti þeirri skoðun sinni að það væri best að ég lærði hér og í næstu ferð til Konsó, tók Margrét mig með hingað ásamt dreng sem var munaðarlaus og hún ætlaði að annast.

Skrýtið að koma til Íslands

Það var ofsalega skýtið að koma hingað fyrst. Ég horfði út um gluggann á flugvélinni og allt var hvítt og þegar við komum úr Leifstöð var rosalega kalt úti. En Margrét hafði séð fyrir því að við vorum nógu vel klæddir til að mæta þessum aðstæðum. Við bjuggum öll hjá Margréti og Benna fyrst um sinn en seinna fluttum við í eigin íbúð og höfum það mjög gott.

Þú fóst að vinna strax eftir áramótin?

Já, Margrét var búin að útvega mér vinnu á Öldrunarlækningsardeild Landsspítala Háskólasjúkrahúss við umönnun og það var rosalega erfitt í byrjun. Ég kunni ekki málið og hélt að gamla fólkið talaði ensku en það reyndist ekki rétt, nema með fáum undantekningum. Eina leiðin til að gera sig skiljanlegan var að tala íslensku eða nota táknmál. Deildarstjórinn vildi ekki heldur tala við mig á ensku þó að hún væri mjög góð við mig að öðru leyti. Hér er gott að vinna, gott samstarfsfólk og gamla fólkið eru vinir mínir.

Dreymdi um að vera læknir

Mig hafði alltaf dreymt um að verða læknir og starfið á spítalanum átti að vera liður í því að láta þann draum rætast. Eins er góð kunnátta í íslensku nauðsynleg bæði í starfi og námi, þannig að ég fór strax á íslenskunámskeið hjá Námsflokkum Reykjavíkur. Gamla fólkið á deildinni og samstarfsfólkið tóku mér strax mjög vel og þeir sem töluðu ensku hafa hjálpað mér mikið með málið. Líf mitt hefur breyst mjög mikið og ég hef lært marga af

Ég horfði út um gluggann á flugvélinni og allt var hvítt og þegar við komum úr Leifstöð var rosalega kalt úti

dvölinni hér. Fólkið hefur reynst mér mjög vel og ég hef eignast marga góða vini. Það er helst veðrið sem er stundum að stríða mér.

Á hvern hátt er lífið hér öðruvísi en heima hjá þér?

Því er fljótsvarað. Flestir Íslendingar hafa jafna möguleika á að ganga menntavegin og lifa góðu og árangursríku lífi og njóta ávaxtanna sem þeir hafa skapað. En í Konsó og víðar í Afríku skiptast íbúarnir í tvo hópa. Stærri hópurinn hefur enga möguleika á að afla sér menntunar, sem er nauðsynlegt til að fá atvinnu og lifir þess vegna í sárri fátækt. En þeir sem eru í minni hópnum fá tækifæri til að ganga menntavegin og það veitir þeim forgang að allri atvinnu sem er í boði og gerir þeim kleyft að sjá fyrir sér og sínum og skapa afkomendum sínu sömu möguleika í þeirra lífi.

Með bankakort í rassvasanum

Eins er frelsi barna og unglinga með allt öðrum hætti í Konsó. Þau verða að fara eftir vissum aga en hér fara börnin sínar eigin leiðir og haga sér stundum eins og fullorðið fólk að mörgu leyti. Sumir ganga jafnvel um með bankakort í rassvasanum, sveiflandi GSM-síma og spila þess á milli í peningakössum eða í

leiktækjum sem búið er að setja upp víða í borginni. Ég er viss um að með því að hafa meiri aga, sérstaklega meðal yngri barna, væri hægt að koma í veg fyrir að þau leiddust út í neyslu eiturlyfja eða annara vímuefna.

Þekkir þú til Eflingar og samninga á vinnustaðnum?

Já, það komu starfsmenn frá félaginu á vinnustaðinn minn og héldu fund með erlendum starfsmönnum og við fengum mjög gagnlegar upplýsingar um starf félagsins og hvaða réttindi og skyldur við höfum. Ég var nýbyrjaður í flugnámi og fékk strax ábendingu um að ég ætti rétt á að fá endurgreitt hluta af námsgjaldi. Þessi kynning kom sér mjög vel og ég er þakklátur félaginu fyrir að hafa byggt upp öflugan fræðslusjóð, sem hægt er að leita til þegar maður þarf á stuðningi að halda.

Þú nefndir flugnám, er æskudraumurinn, horfinn á braut og annar tekin við?

Já, það má eiginlega orða það þannig. Ég leigði herbergi í Barmahlíðinni um tíma og um svipað leyti kynntist ég Jóni bónda, félaga mínum. Hann hafði mikinn áhuga á flugvélum og smátt og smátt tókst honum að vekja áhuga minn líka. Þegar yfir lauk var áhuginn orðinn það mikill á flugvélum að ég fór nánast á hverjum degi í Perluna til að fylgjast með flugvélum sem áttu leið hjá.

Svona gekk þetta um tíma, þangað til að einn daginn laust þeirri hugsun upp í kollinum á mér að kannski væri meiri

Framhald á blaðsíðu 47



Kusse með fjölskyldu sinni. Myndin er tekin í brúðkaupi systur hans í Konsó



Páskaúthlutun orlofshúsa Eflingar

Tekið við umsóknum til 20. febrúar

Tekið verður við umsóknum um orlofshús til 20. febrúar n.k. Umsóknir og upplýsingar um húsin liggja frammi á skrifstofu Eflingar - stéttarfélags, Sætúni 1, 105 Reykjavík, sími 510

7500 og á heimasíðu félagsins www.efling.is. Hægt er að fá eyðublað sent á faksi og með pósti.

Landssvæði	Fjöldi húsa	Verð	Punktafrádrag
Úthlíð	3	14.500 kr.	48
Flúðir - með potti	1	14.500 kr.	60
Ölfusborgir - með potti	10	14.500 kr.	60
Kirkjubæjarklaustur	3	13.000 kr.	48
Svignaskarð - stór m/potti	6	14.500 kr.	60
Svignaskarð - lítil m/potti	7	13.000 kr.	48
Skorradalur	1	16.000 kr.	60
Húsafell - með potti	3	14.500 kr.	60
Akureyri	6	14.500 kr.	48
Arnarstapi	1	14.500 kr.	48
Stykkishólmur	1	14.500 kr.	48

Úthlutun mun liggja fyrir 5. mars og greiðslufrestur hjá þeim sem fá úthlutað er til 19. mars n.k. Frá og með 24. mars er hægt að athuga hvort eitthvað hafi fallið út.

Húsin verða leigð í viku frá 7. apríl - 14. apríl n.k. Úthlutað er eftir punktakerfi sem byggist á iðgjaldasögu félagsmanna

síðustu 12 ár.

Hægt er að senda okkur tölvupóst á netfangið fjola@efling.is og þarf þá að koma fram nafn, kennitala og hvaða hús er sótt um í fyrsta val, annað val allt að 6 möguleika.

Ekki verður tekið á móti umsóknum símleiðis

Frumsjýning 18. janúar



CHICAGO

BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Íslenski dansflokkurinn
Listabraut 3 • 103 Reykjavík
Miðasala 568 8000 • www.borgarleikhus.is



Svignaskarð - minni

Leigutími: allt árið

Sjö hús með potti. Í húsunum eru tvö svefnherbergi, setu- og borðstofa með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss og sængur eru fyrir fimm manns.



Svignaskarð - stærri

Leigutími: allt árið

Sex hús með potti. Í húsunum eru þrjú svefnherbergi, setu- og borðstofa með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss og sængur eru fyrir átta manns.



Hvammur í Skorradal

Leigutími: allt árið

Stærsta hús félagsins um 160 fermetrar með sex svefnherbergjum með vaski, eldhús með frystiskáp, tvö baðherbergi, stofa og borðstofa. Alls geta gíst þar níu manns í rúmum og fjórir á dýnum auk barnarúma. Sængur eru fyrir tólf.



Húsafell

Leigutími: allt árið

Þrjú hús með heitum potti. Í húsunum eru tvö svefnherbergi, stofa, eldhúskrókur og baðherbergi með sturtu. Svefnaðstaða er fyrir sex til sjö manns, ásamt sængum.



Íbúðir á Akureyri

Leigutími: allt árið

Sex íbúðir eru á Akureyri. Í íbúðunum eru tvö svefnherbergi, stofa, eldhús með borðkrók og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss er fyrir fimm til sjö. Aukadýnur fylgja. Sængur eru fyrir fimm til sjö manns.



Kirkjubæjarklaustur

Leigutími: allt árið

Þrjú orlofshús. Í tveimur húsanna eru þrjú svefnherbergi en einu tvö svefnherbergi auk svefnlofts, stofu, borðstofu með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu. Svefnaðstaða er fyrir 8 manns og sængur fyrir jafnmarga.

Flúðir Ásabyggð

Leigutími: allt árið

Eitt hús með heitum potti. Húsið er með tveimur svefnherbergjum, svefnlofti, eldhúsi með borðkrók, stofu og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss og sængur eru fyrir átta.



Úthlíð

Leigutími: allt árið

Þrjú orlofshús. Svefnpláss er fyrir fimm í tveimur svefnherbergjum auk svefnlofts með dýnum fyrir fjóra til sex til viðbótar. Sængur eru fyrir 10 manns.



Ölfusborgir

Leigutími: Allt árið

Vetrarleiga í þjónustumiðstöð s: 483 - 4260, mán. - þri. kl. 13 - 16.30 og fim. - fös. 13 - 16.30 (fyrir utan páska).

Tíu orlofshús með heitum potti. Í húsunum eru þrjú svefnherbergi, stofa, borðstofa með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu. Svefnaðstaða og sængur er fyrir sex manns.



Arnarstapi

Leigutími: sumarleiga

Leiguhús á Arnarstapa á Snæfellsnesi. Í húsinu eru þrjú svefnherbergi með svefnplássi fyrir sex auk svefnlofts með fjórum dýnum, stofa, eldhús og bað með sturtu. Sængur fyrir sex manns.



Stykkishólmur

Leigutími: sumarleiga

Leiguhús að Reitavegi 4a Stykkishólmi. Húsið er staðsett rétt ofan bæjarins með stórbrotnu útsýni yfir Breiðafjörð. Tvö svefnherbergi eru í húsinu með rúmum fyrir sex og fjórar aukadýnur, 10 sængur, stofa, eldhús og bað með sturtu.



Páskaúthlutun

Ekki verður tekið á móti umsóknum símleiðis



Viltu fara í nám eða á námskeið??

Hvað fæ ég **endurgreitt?**

- Nýtum okkur stuðning stéttarfélagsins til náms!

Réttur félagsmanna Eflingar til einstaklingsstyrkja getur verið mismunandi eftir því hvort viðkomandi starfar hjá

ríki, borg eða á almennum vinnumarkaði, en einnig er lagt mat á starfstengingu námsins við úthlutun námsstyrkja.

Meginreglur starfsmenntasjóða Eflingar gera ráð fyrir að umsækjandi hafi verið í félaginu í 12 mánuði áður en sótt er um styrk en greitt er hlutfallslega fyrir hlutastörf. Styrkir til einstakra félagsmann vegna starfsnáms að eigin vali geta verið allt frá 35.000 til 44.000 krónur á ári eftir sjóðum. Aldrei er þó greitt meira en sem nemur 75% af kostnaði við viðkomandi námskeið.

Til þess að sækja um styrk þarf að fylla út sérstakt eyðublað sem fæst á skrifstofu Eflingar og skila inn reikningi fyrir greiðslu á námskeiði ásamt ljósriti af síðasta launaseðli og staðfestingu á að hafa lokið námskeiðinu. Einnig er hægt að nálgast umsóknareyðublað á heimasíðu Eflingar, www.efling.is, undir liðnum fræðslumál.

Efling starfrækir í samstarfi við atvinnurekendur starfsmenntasjóði fyrir alla félagsmenn sína. Hlutverk starfsmenntasjóðanna er tvíþætt:

- Að styrkja einstaklinga til starfsnáms að eigin vali þ.e. með einstaklingsstyrkjum.
- Að standa að framboði á starfsmenntanámskeiðum í samstarfi við fræðsluáðila og ákveðnar starfsgreinar eða fyrirtæki.

WHAT rights do I have??

What support do I have from Efling?



The individual's right to receive educational subsidies is dependent on whether they work for the state, the city or in the private sector. The link between the planned vocational education course, and the job performed, is also evaluated before subsidies are granted.

The main rules of the educational funds of Efling state that those applying for a subsidy must have been members of the union for a 12 month period before applying. Grants to those in part-time employment are proportional. The amount

of any grant offered to an individual for vocational education they choose themselves may vary from 35.000 kr. to 44.000 per year. In order to apply for a subsidy applicants must complete a special form, available at the Efling office. This may also be found on the Efling homepage under the heading of "Education". Applicants must also present a receipt, for payment of a course, together with a copy of their last salary slip.

Efling provides in cooperation with employers, educational funds which are available to all its members. The role of these educational funds is twofold:

- to grant a subsidy to individuals for vocational education, chosen by themselves, i.e. individual subsidies.
- to offer courses in vocational education in cooperation with educational institutions, specific trade departments or firms.



Stefanía Guðmundsdóttir

Nýr starfsmaður hjá Eflingu

Stefanía Guðmundsdóttir er nýr starfsmaður í afgreiðslu Eflingar. Hún tekur við starfi Viktoríu Jensdóttur sem lét af störfum hjá Eflingu í nóvember sl.

Stefanía hefur unnið sem tækniteiknari hjá Rafteikningu hf, var um skeið ritari dagskrárstjóra hjá RÚV en síðustu 10 árin hefur hún starfað sem ræstiteiknir hjá Olís jafnframt því að sinna börnum og heimili.

Hún lauk námi í upplýsinga- og fjölmiðlatækni sl. vor frá Borgarholtsskóla.



MERKI NÝRRRA TÍMA Í BANKAÞJÓNUSTU Á ÍSLANDI

Á nýju átri opnar Kaupþing Búnaðarbanki undir nýju nafni, **KB banki**. Markmið KB banka er að vera í forystu við að lýna nýjungar á íslenskum fjármálamarkaði. Þá munum við ávallt stefna að því að veita viðskiptavinum okkar enn betri þjónustu og leyfa þeim að njóta góðs af þeim árangri sem við náum.



www.kbbanki.is



KB BANKI

Sigurlín Ágústsdóttir um heimsókn til Finnlands

Að þekkja **forsetann** frá **jólasveininum**



Í lok nóvember fóru fjórir starfsmenn á leikskólanum Hamraborg í kynnisferð á leikskóla í bænum Torneo í Lapplandi, á landamærum Finnlands og Svíþjóðar. Ferðin tengist þátttöku leikskólans í Comeniusarverkefni, sem er á vegum Evrópusambandsins og ber yfirskriftina „Árstíðirnar fjórar - hvernig börn upplifa náttúruna og tjá það í listsköpun“. Sigurlín Ágústsdóttir, leiðbeinandi og trúnaðarmaður, segir

ferðina hafa heppnast mjög vel. Við fylgdumst með starfssystrum okkar og börnunum við leik og störf. Á kvöldin var líka alltaf eitthvað um að vera. Okkur var boðið á jazztónleika og balletsýningu í barnaskólanum og einnig í kvöldverð ásamt starfsfólki á leikskólum og öðrum skólum í bænum, segir hún.

Þá heimsóttum við Jólaland, þekktan skemmtigarð í Rovaniemi, höfuðborg Lapplands og heilsuðum upp á jóla-

sveinana. Á vegg í einu húsinu rákumst við á ljósmynd af forsetanum okkar, sitjandi á bekk við hliðina á jólasveini og það var ekki erfitt að sjá hvor var hvað.

Við gistum í bæ sem heitir Habaranda og er Svíþjóðarmegin við landamærin en það tók okkur aðeins þrjár mínútur að fara gangandi í leikskólann Finnlandsmegin. Eins var klukkustundar munur á tíma á milli staða þó að fjarlægðin væri ekki meiri og það fannst okkur dálítið sérkennilegt að upplifa.



Ásamt leikskólanum í Torneo hafa starfsmenn héðan heimsótt leikskóla í Sofíu í Búlgaríu. Síðastliðið haust komu finnarnir hingað en ég á ekki von á því að við fáum heimsókn frá Búlgaríu á næstunni vegna þess að starfsfólkið hefur ekki ráð á því að koma hingað, sagði Sigurlín að lokum.



Frá Berlín

Viltu kynna starfsaðstæðum á þínu starfssviði erlendis?

Starfsmannaskipti Leonardó áfram

- Á fjórða tug félagsmanna kynna sér fyrirtæki í Evrópulöndum

Efling - stéttarfélag mun nú í febrúar sækja í þriðja skiptið um styrki til að gera félagsmönnum Eflingar kleyft að kynna fyrirtækjum í öðrum Evr-

ópulöndum. Um er að ræða vikuférfir sem eru skipulagðar í samvinnu Eflingar, viðkomandi fyrirtækis hér heima og þess fyrirtækis sem fellst á

að taka á móti gestastarfsmönnum í eina viku. Kostnaður er greiddur af starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins, Leonardóáætluninni, en einnig styðja starfsmenntasjóðir Eflingar félagsmenn til ferðanna.

Þeir félagsmenn sem hafa áhuga á að fara í þessar ferðir þurfa að hafa samband við atvinnurekanda sinn eða yfirmann og kanna möguleika á að fyrirtækið geti komið á sambandi við sambærilegt fyrirtæki annarsstaðar í Evrópu, síðan setur fyrirtækið eða Efling sig í samband við viðkomandi fyrirtæki erlendis og kannar möguleikann á að fá að senda 2 - 5 félagsmenn í kynningu. Kostnaður fyrirtækisins hér heima er aðeins laun í þá viku sem viðkomandi starfsmaður fer í heimsóknina, en á móti fær fyrirtækið víðsýnni og þroskaðri starfsmenn sem geta miðlað af reynslu sinni og þekkingu frá öðrum fyrirtækjum.

Á síðasta ári fóru félagsmenn Eflingar frá Málningu, Skeljungu, Hrafnistu, Skógarbæ, Fönn, Grýtu, Vélamiðstöð Reykjavíkur, eldhúsi Landspítala, og verið er að skipuleggja ferð á vegum Leikskóla Reykjavíkur. Allar þessar ferðir heppnuðust frábærlega og höfum við sagt frá þeim flestum hér í blaðinu.

Ef þú hefur áhuga á þessu, hafðu þá sem fyrst samband við gardar@efling.is og við skoðum möguleikana.

Námskeið um fjármál heimilanna

Gerum meira úr hverri krónu



Efling mun í marsmánuði fara aftur af stað með námskeið um fjármál heimilanna. Þetta er í þriðja skiptið sem við höldum þetta námskeið og fjölmargir Eflingarfélagar hafa lýst ánægju með þau og talað um breytingu á sínum fjármálum í kjölfar námskeiðsins.

Nánari dagsetningar verða kynntar í næsta tölublaði fréttablaðs Eflingar en þegar er byrjað að taka niður nöfn þeirra sem vilja komast á námskeiðið. Samband verður haft við þá þegar dagsetningar verða ákveðnar. Námskeiðið er Eflingarfélagum að kostnaðarlausu og skráning er hjá Eflingu í síma 510-7500 eða efling@efling.is.

Einmanaleikinn hvarf hjá gamla fólkinu

Þetta er svo skemmtilegt

- segir Renate Gisela Heiðar



Renate með vinkonu sinni Hildi Kærnested

Þegar að fólk er orðið eitt með sjálfu sér og börnin farin að heiman, getur tilveran stundum verið hálf einmanaleg. Þó Renate Gisela Heiðar sé með eigin atvinnurekstur og hafi samskipti við viðskiptavinina fimm daga vikunar, fann hún samt til einmanaleika. En ólíkt mörgum öðrum sem gera lítið eða ekkert í sínum málum, gerði hún eitthvað í málinu. Hún fékk sér vinnu við umönnun gamla fólksins á Sóltúni og þar með kom lífsfylling og ánægja inn í líf hennar. Við biðjum Renate að segja okkur betur frá sjálfri sér og vinnunni með gamla fólkinu á Sóltúni.

Ég kom hingað frá Berlín í júlí 1961 og opnaði fyrsta innrömmunarverkstaðið á Laufásveginum fyrir 24 árum, segir þessi geðþekka kona þegar ég spyr hana um uppruna sinn.

Fyrir fimm árum sá ég þetta hús auglýst til sölu og ákvað að kaupa það vegna þess að gamall bílskúr fylgdi með í kaupunum, sem ég gat notað fyrir verkstaði. Hann var ekki mjög burðug-

ur en ég lét grafa fyrir nýju gólfi og gera þetta þannig að ég gæti verið heima hjá mér og þyrfti ekki að borga húsaleigu.

Hvernig viðskiptavinir færðu?

Fólkið af götunni lítur inn stöku

Lifandis ósköp fannst mér gaman að sjá hvað hún vinkona mín var ánægð í þættinum hjá þér í gærkvöldi. Jæja, svarar hann, var hún sátt?

sinnnum og svo er ég með fasta viðskiptavinina sem koma nokkuð reglulega. Fyrsta myndin sem ég rammaði inn var málverk eftir Steingrím Sth. Sigurðsson, listmálara. Hann var oft í viðskiptum hjá mér og við vorum ágætir kunningjar. En það getur oft verið einmanalegt

að vinna sjálfstætt. Börnin mín eru vaxin úr grasi og farin að heiman og samskiptin við viðskiptavinina eru takmörkuð. Þó að hestarnir mínir séu ágætir var ég farin að ég finna dálítið til einmanaleika. Þá sá ég auglýst hálf dagsstarf við umönnun á Hjúkrunarheimilinu í Sóltúni, sem er reyndar staðsett hérna hinumegin við götuna og fór að hugsa hvor ekki væri sniðugt að sækja um en lét samt ekki verða af því um sinn.

Þórhallur eykur sjálfstraustið

Svo leið hálfur mánuður og þá nefni ég þetta við elstu dóttur mína. Henni fannst hugmyndin góð og hvatti mig til að gera eitthvað í málinu. En það var eins og mig vantaði sjálfstraust til að stíga fyrsta skrefið.

Svo gerðist dálítið skrítið. Á miðvikudagskvöldið horfði ég á þátt með Þórhalli miðli í sjónvarpinu og meðal gesta var góð vinkona mín, sem fékk mjög góða heimsókn að handan. Morguninn eftir vantaði mig sígarettur og ákvað að fara út á bensínstöð hérna rétt hjá og

taka bensín á bílinn minn í leiðinni.

Hverjum heldurðu að ég mæti, nema honum Þórhalli miðli og þá hrekkur út út mér, blessaður Þórhallur. Hann horfði dálítið hissa á mig, sem var ekki skrítið, því að ég hafði aldrei áður hitt manninn. Lifandis ósköp fannst mér gaman að sjá hvað hún vinkona mín var ánægð í þættinum hjá þér í gærkvöldi, sagði ég. Jæja, svarar hann, var hún sátt? Eftir smá þögn heldur hann áfram og segir: Mikið er bjart í kringum þig. Er það, sagði ég og allt í einu fann ég hvernig sjálfstraustið hafði aukist.

Á heimleiðinni ákvað ég að koma við á Sóltúni og athuga hvort starfið væri ennþá laust og reyndist svo vera og ég var ráðin. Mér var tekið mjög vel og ég ætla ekki að segja þér hvað ég er ánægð með starfið. Vinnan felst í að aðstoða gamla fólkið eftir þörfum hvers og eins og reyna að láta því líða eins vel og kostur er. Ég á að vera mætt í vinnuna klukkan átta en er yfirleitt komin aðeins fyrr. Svo verð ég að passa mig að fara heim á réttum tíma til að opna verkstæðið, því að mér finnst þetta svo skemmtilegt, sagði Renate og geislaði af gleði.

Renate Gisela Heiðar starfar við umönnun á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni og rekur einnig innrömmunarverkstæði í Samtúni 40.



Námsráðgjöf á vinnustað

Nú er farinn af stað námsráðgjöf á vinnustöðum á vegum Eflingar, Starfsafls, Mímis - símenntunar og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Verið er að dreifa kynningarefni á vinnustaði og hér halda þér Gunnlaug og Fjóla María námsráðgjafar á kynningarveggpjaldi á milli sín.

Ef þú vilt fá námsráðgjöf á þinn vinnustað - eða bera fá frekari upplýsingar um verkefnið - er hægt að hafa samband við Eflingu og við komum í heimsókn til þín þar sem haldinn verður stuttur kynningarfundur og síðan boðið uppá einstaklingsviðtöl.



Heimaþjónusta eflist í Reykjavík

Tímamót í heimaþjónustu og heimahjúkrun



Guðbjörg Guðmundsdóttir, heimilisþjónustustarfsmaður ársins 2001 og Egill Einarson, íbúi í Hraunbæ

Skrifað var undir samkomulag milli Reykjavíkurborgar og heilbrigðisráðuneytisins 18. nóvember síðastliðinn um

sambættingu heimaþjónustu og heimahjúkrunar. Samkomulagið er byggt á niðurstöðum starfshóps sem hafði það

hlutverk að koma undir einn hatt heimaþjónustu og heimahjúkrun aldradra. Aldradir eru fjölmennastir í þeim hópi sem nú fær heimaþjónustu. Markmiðið er að veita þeim og öðrum sem þjónustunnar njóta betri og samræmdari heimaþjónustu en nú.

Um er að ræða tveggja ára tilrauna- verkefni þar sem fulltrúar frá Félagsþjónustunni og Heilsugæslunni í Reykjavík taka að sér að stjórna þjónustunni í gegnum sérstakan stýrihóp. Hann tekur til starfa 1. febrúar n.k. Hlutverk stýrihópsins er í stórum dráttum að koma upp kerfi sem metur þörf einstaklinga fyrir heimaþjónustu.

Efling-stéttarfélag fagnar þessum áfanga þar sem við höfum um áraradur talið að þjónustan væri ekki nægjanlega markviss og ekki skipulögð samtímis og frá sama aðila. Starfsmenn heimaþjónustunnar hafa ítrekað bent á að þetta skipulag mætti vera betra og skilvirkara. Efling hefur lagt megináherslu á gott upplýsingaflæði þannig að starfsmenn séu ekki í óvissu hvað varðar störf þeirra. Þá mun verkefnið takast vel og þeir sem njóta þjónustunnar fá markvissari og betri þjónustu.



Frá skrifstofu úthlutunarnefndar atvinnuleysisbóta nr. 1

Atvinnuleysi að aukast

- ungt fólk sérstaklega viðkvæmt

Eftir stöðugt minnkandi atvinnuleysi fyrri hluta síðasta árs virðist því miður sem skráning atvinnulausra hafi aukist síðustu mánuði ársins 2003 og ekki sér fyrir endann á þeirri fjölgun. Atvinnuleysi hefur á síðustu misserum að jafnaði verið meira á

höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni og atvinnuleysi virðist vaxa hraðast hjá ungu fólki á aldrinum 16 - 24 ára, en mestur fjöldi atvinnulausra er á aldrinum 25 - 34 ára.

Þessu til viðbótar virðist sem langtímaatvinnuleysi (þeir sem hafa verið 6

mánuði eða lengur á skrá) sé einnig mikið meðal ungs fólks þó það sé ekki einangrað við þann hóp. Þetta er athyglisvert þar sem að í gegnum tíðina hafa fáir úr yngsta aldurshópnum verið svo lengi samfleytt á atvinnuleysissskrá. Af þeim sem eru í yngsta aldurshópnum (milli 16 og 24 ára) eru um og yfir 90% aðeins með grunnskólamenntun eða minna nám að baki. Í könnun sem Efling og Vinnumiðlun Reykjavíkur stóðu að í lok árs 2001 kom þessi sama staðreynd fram; að meirihluti þeirra sem höfðu verið atvinnulausir í 6 mánuði eða lengur höfðu aðeins grunnenntun að baki.

Verðum að bregðast við

Það er ljóst að við þessu þarf að bregðast m.a. með því að gefa ungu fólki aukna möguleika á að taka upp þráðinn við nám, hvort heldur er innan hins hefðbundna skólakerfis eða að stunda nám með sveigjanlegum hætti á almennum námskeiðamarkaði. Efling - stéttarfélag hefur frá stofnun lagt á það áherslu að auknir möguleikar félagsmanna til náms væru grundvallarþáttur í starfi félagsins og sú þróun sem við sjáum í atvinnuleysi þessi misseri staðfestir enn frekar nauðsyn öflugs fræðslustarfs stéttarfélaga.

Hver vill missa af umtalsverðri launauppbót?

Þeir sem ekki taka þátt í séreignarsparnaði, verða af launauppbót sem þegar er búið að semja um.

Þessi uppbót felst í mótframlagi atvinnurekanda sem getur náð 2,0% af launum í stað 1% ef ekki er gerður samningur um séreignarsparnað.

Við hvetjum fólk til að bera saman ávöxtun Séreignarsjóða okkar og annarra.

Raunávöxtun á ársgrundvelli		
Ár	Framtíðarsýn 1	Framtíðarsýn 2
1999	25,8	17,2
2000	3,1	6,2
2001	3,3	6,8
2002	7,3	9,3
2003	26,1*	26,2*

*fyrstu 9 mánuði 2003

Allt sem þarf er að fylla út samning og senda okkur!

Byrjaðu núna – það er aldrei of seint!

Lífeyrissjóðurinn Framsýn, Sættini 1

Sími: 515-4700 / 515-4751

Netfang: sereign@framsyn.is

Heimasíða: www.framsyn.is



LÍFEYRISSJÓÐURINN FRAMSÝN

Séreignarsjóður



UMSÓKN OG SAMNINGUR UM SÉREIGNARSPARNAÐ Í SÉREIGNARSJÓÐI FRAMSÝNAR

Ég undirrituð/aður sækir hér með um aðild að Séreignarsjóði Framsýnar og óska eftir samningi um séreignarsparnað í samræmi við skilmála á bakhlið umsóknareyðublaðs þessa sem ég sætti mig við að öllu leyti. Með undirritun minni á umsókn þessa og staðfestingu Séreignarsjóðs Framsýnar telst vera kominn á samningur milli mín sem réttihafa og Séreignarsjóðs Framsýnar sem vörsluaðila í samræmi við skilmála samningsins.

Umsækjandi (réttihafi):

Nafn	Kennitala
Heimili	Póstnúmer

Ég undirrituð/aður skuldbind mig til að _____ % af heildarlaunum mínum verði greidd mánaðarlega til Séreignarsjóðs Framsýnar inn á séreignarreikning minn hjá sjóðnum.

Iðgjald sem nemur að hámarki 4% af Iðgjaldastofni er undanþegið tekjuskattli. Skrifli umsækjandi ekki inn neina % í þennan reit er lítið svo á að hann óski eftir því að greiða 4%.

Umsækjanda er heimilt að greiða ákveðna krónutölu mánaðarlega til séreignarsparnaðar í stað ákveðinnar % tölu af heildarlaunum. Ef sú leið er valin skal tilgreina þá upphæð hér _____ kr.

Ég óska eftir því að launagreiðandi minn haldi eftir af launum mínum við hverja útborgun og skili til Séreignarsjóðs Framsýnar í samræmi við ákvæði samnings þessa.

Launagreiðandi:

Nafn	Kennitala
Heimili	Póstnúmer

Ég undirritaður óska eftir því að séreignarsparnaður minn verði ávaxtaður í:

- | | |
|---|---|
| ☐ Framtíðarsýn 1
Skuldabréf 65%
Hlutabréf 35% | ☐ Framtíðarsýn 2
Skuldabréf 80%
Hlutabréf 20% |
|---|---|

Réttihafi getur flutt sparnað sinn milli safna með skriflegri beiðni þar um.

Samningur þessi er gerður samkvæmt heimildum í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og samkvæmt samþykktum Lífeyrissjóðsins Framsýnar.

Undirskrift umsækjanda

Staður og dagsetning

Undirskrift vottar og kennitala

Staðfesting Séreignarsjóðs Framsýnar

Staður og dagsetning

Undirskrift vottar og kennitala

Vinsamlega sendu samninginn undirritaðan til Séreignarsjóðs Framsýnar, Sættún 1, 105 Reykjavík. Sjóðurinn mun senda þér staðfest ljósið af samningnum og tilkynna launagreiðanda um hann.



Frá blaðamannafundi sem haldinn var 6. janúar sl. þar sem menntareikningar voru kynntir. Garðar Vilhjálmsson, fræðslustjóri Eflingar kynnr menntareikninga

Menntareikningar

Nýtt tækifæri fyrir launafólk

Ein af kröfum Flóabandalagsins í komandi kjarasamningum er um nýtt sparnaðarform launafólks - menntareikninga. Menntareikningar byggja á því að launamaður greiði valfrjálst fast hlutfall af launum og atvinnurekandi hans greiði hlutfall á móti. Þessi framlög eru síðan ávöxtuð í séreignasjóði með skattfríðindum þar til viðkomandi launamaður ákveður að nýta sér innistæðuna til að sækja sér menntun eða starfsþjálfun. Ef hann hefur ekki nýtt sparnaðinn þegar hann fer af vinnumarkaði getur hann nýtt hann sem séreignarlífeyrissparnað. Menntareikningar geta orðið viðbót við séreignarsparnað og auðvelt að útfæra hér á landi þar sem lífeyrissjóðirnir innheimta þegar séreignarsparnað í svipuðu formi.

Þetta fyrirkomulag er því ekki ólíkt séreignarsparnaði hér á Íslandi þó þar sé um mun hærri upphæðir að ræða. Ef menntareikningar komast í framkvæmd taka einstaklingar meiri ábyrgð á sinni eigin símenntun en líklegt er einnig að hún verði sýnilegri í kjölfarið. Einnig er verið að leggja þær skyldur á

atvinnurekendur að þeir styrki með beinum hætti launafólk til stærri áfanga í menntun sem leiða á til þess að þátttaka í símenntun launafólks aukist. Samkvæmt þessum hugmyndum nýtur þessi sparnaður skattfríðinda með svipuðum hætti og séreignarlífeyrissparnaður.

Kröfur um menntun hafa vaxið í atvinnulífinu en um leið er ljóst að sá hópur er mjög stór sem hættir í námi eftir grunnskóla eða hættir námi í framhaldsskóla. Einstaklingar í þessum hópi eru síðan mun veikari á svellinu við sveiflur í atvinnustigi.

Það er þekkt staðreynd að þeir sem eiga skemmsta skólagöngu að baki lenda fyrir en aðrir í atvinnuleysi þegar það eykst. Mikil hætta er einnig á að

Peir geta komið ófaglærðu starfsmönnum sem hefja starfsævina snemma mun betur en þeim sem eru langskólagengnir, þar sem tíminn vinnur með eignamyndun, bæði vegna ávöxtunar fjármunanna og lengri starfsævi

bilið milli þeirra sem hafa menntun og góðar tekjur og hinna sem lakar standa fari vaxandi. Tilgangur menntareikninga er að koma til móts við auknar kröfur um menntun í samfélaginu og jafna stöðu launafólks um leið til menntunar og lífskjara.

Flestir kannast við það af sínum vinnustað þegar breytingar verða á starfsaðstæðum. Þá sækjum við námskeið til að standa betur að vígi á vinnustaðnum. Þetta þekkist í tölvuheiminum þar sem breytingar eru mjög hraðar. Launamenn geta fengið góðan stuðning til að sækja námskeið til að takast á við þessar breytingar. En þegar kemur að stærri verkefnum, þá getur kostnaður leikið á hundruðum þúsunda eða jafnvel milljónum.

Menntareikningar eru hugsaðir til að takast á við þetta verkefni. Þeir geta komið ófaglærðu starfsmönnum sem hefja starfsævina snemma mun betur en þeim sem eru langskólagengnir, þar sem tíminn vinnur með eignamyndun, bæði vegna ávöxtunar fjármunanna og lengri starfsævi. Þeir gætu því bæði aukið menntastig þjóðarinnar og haft jákvæð áhrif í þá átt að jafna tekjudreifinguna. Bretar og Bandaríkjamenn hafa gert athyglisverðar tilraunir með menntareikninga sem ýmislegt má læra af. Einnig hafa Svíar nokkra reynslu af séreignarsöfnunarreikningum.

Hverjum nýttast menntareikningar?

- Þeim sem þurfa að bæta við þekkingu sína vegna tækni framfara og breytinga í fyrirtæki og/eða á starfssviði viðkomandi.

- Þeim sem hafa skemmsta skólagöngu að baki og hafa tækifæri til að leggja inn á menntareikningana í lengri tíma.

- Þeir sem vilja eða þurfa að breyta um starfsvettvang. Hér má nefna sem dæmi þá sem missa vinnu sína eða þeir sem hafa ekki lengur heilsu til að sinna erfiðisvinnu.

Líkur má leiða að því að fyrirtækin muni hafa beinan hag af því að styðja menntareikninga. Fyrirtækjunum er auðveldað að takast á við breytingar á vinnumarkaði með því að auka hæfni starfsmanna. Ríkisvald og atvinnurekendur hafa hvata til að leggja sinn stuðning af mörkum fyrir betur menntaða og hæfari starfsmenn og öflugra atvinnulíf. Framlag atvinnurekenda virkar sem hvatning til starfsmanna til að sækja frekari menntun en kemur einnig þeim til góðs þar sem fyrirtækin upp-



Frá kennslustund í Endurmenntun HÍ

skera hæfara og jafnvel ánægðara starfsfólk.

Ríkisvaldið hlýtur einnig að hafa hvata til þess að styðja við símenntun einstaklinga með þátttöku í menntareikningum þar sem aukin símenntun

sem ætti öllu jöfnu að auka menntunarstig þjóðarinnar, en það hefur jákvæð áhrif á hagvöxt og tekjujöfnuð í þjóðfélaginu. Símenntunarkerfið byggt á eignasöfnun minnkar þess vegna þörf fyrir skatta og millifærslur til þess að ná

fram jöfnuði í menntun og tekjum og mun þannig auka skilvirkni.

Hafa ber í huga að mikið brottfall úr framhaldsskólum hefur ákveðinn „sparnað“ í för með sér fyrir ríkissjóð en fram kemur í skýrslu HHÍ um málið að þá greiða yfirvöld um 440.000 kr á ári með hverjum nemenda í framhaldsskóla. Því má spyrja hvort ríkisvaldið hafi ekki einmitt ákveðnum skyldum að gegna gangvart þeim þegnum sem hafa ekki lokið framhaldsskólamenntun. Í Noregi, Danmörku og Svíþjóð bjóða sveitarfélögin t.a.m upp á menntun á grunn- og framhaldsskólastigi fyrir alla einstaklinga sem eru eldri en 18 ára í Danmörku og eldri en 20 ára í Svíþjóð. Slík starfsemi er til þess að sporna gegn ójöfnuði í þjóðfélaginu. Þannig mætti t.d. útfæra þetta þannig að allir þeir sem hafa lagt til hliðar á menntareikningi í 10 ár eigi rétt á stuðningi frá ríkisvaldinu fyrir ákveðna fjárhæð.

Dæmi um uppsöfnun á menntareikningi.

Gert er ráð fyrir því að einstaklingur sé með 180.000 kr í mánaðarlaun og greiði 1% af þeim tekjum, eða 1.800 kr, inn á menntareikning í hverjum mánuði. Miðað við að raunlaun hækki um 4% á ári má ætla að eftir 5 ár, ef miðað er við 6% innlánsvexti, sé einstaklingurinn búinn að safna um 135.000 kr. og eftir 10 ár um 346.000 kr. Með 0,5% mótframlagi atvinnurekanda verður upphæð 200 þúsund eftir 5 ár og hálf milljón eftir 10 ár.

Ýmsir möguleikar í stuðningi

Það er spennandi viðfangsefni framundan fyrir áhugamenn um eflingu og jöfnun menntunar í þjóðfélaginu. Hægt er að sjá fyrir sér ýmsa möguleika í stuðningi ríkisvalds og atvinnurekenda. Ríkisvaldið á t.d. þann möguleika með þessu sparnaðarformi að greiða upphæð á móti launamönnum miðað við tekjur og menntun einstaklinga með það að markmiði að jafna stöðu launafólks og hjálpa fremur þeim sem eru með lægri tekjur og skemmri skólagöngu að baki.

Ný skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um menntareikninga er birt á vef Eflingar, en þeir sem kosta þetta verkefni eru Starfsmenntaráð, Efling, VR auk þess sem ASÍ og SA hafa komið að málinu í gegnum Starfsmenntaráð.



**VINNUMIÐLUN
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS**

Engjateigi 11, 105 Reykjavík, sími: 515 4850
fax: 588 2587, netfang: vinnumidlun.hb@svm.is

Vinnumiðlun, ráðgjöf og
atvinnuleysissskráning fyrir íbúa
í Reykjavík, Seltjarnarnesi, Hafnarfirði,
Bessastaðahreppi, Garðabæ,
Kópavogi, Mosfellsbæ og Kjós.

Afgreiðslutími alla virka daga frá kl. 9-15.30
Einnig eru veittar upplýsingar í síma.

Sjálfstyrkingarnám á pólsku

Skortur á sjálfstrausti oft hindrun fyrir tungumálanámi

- Segir Gunnlaug Hartmannsdóttur leiðbeinandi

Efling-stéttarfélag hélt fyrir áramót í fyrsta sinn sjálfstyrkingarnámskeið á pólsku fyrir félagsmenn með pólsku að móðurmáli, en þeir eru um 300 í félaginu. Sjálfstyrkingarnámskeiðin hafa um árabil verið einhver vinsælustu námskeiðin hjá Eflingu og mörg hundruð félagsmenn hafa sótt þau. Á þessum námskeiðum er fjallað um mismunandi framkomu og áhrif hennar á samskipti, hvað eflir og hvað dregur úr sjálfstrausti og áhrif góðrar sjálfsmyndar á starfsanda.

Námskeiðið tekur þrjú kvöld og er í umsjón kennara frá Mími-símenntun. Gunnlaug Hartmannsdóttir, leiðbeinandi, segir að í þessu verkefni hafi í

fyrsta sinn verið gerð tilraun með að láta túlk þýða námsefnið um leið og það var flutt og ef marka má viðbrögð þátttakenda hafi það borið góðan árangur. Hún segir ennfremur, að hjá mörgum þátttakendum hafi komið fram að þau upplifi mikið samskiptaleysi bæði í vinnu og sínu daglega lífi vegna þess að þau tali ekki nógu góða íslensku eða treysta sér ekki til þess. En sjálfstyrkingarnámskeiðin taka einmitt á þessum þáttum og gætu hjálpað þeim að takast á við slík vandamál. Helsta hindrun þess að fólk læri tungumál snýst oft um vantraust fólks á sjálfu sér til að nota kunnáttu sína.

Efling - stéttarfélag mun nú í febrúar standa að fleiri námskeiðum fyrir



pólskumælandi félagsmenn og einnig er á döfinni að vera með samskonar námskeið fyrir félagsmenn af tælskum uppruna.

Frekari upplýsingar má fá hjá Eflingu í síma 510-7500.

Börnin hjálpa mér að læra íslensku

- segir Aneta Matuszewska starfsmaður á Gullborg

Aneta Matuszewska kom til Íslands fyrir þrem árum og vann við heimilisaðstoð hjá fjölskyldu fyrsta árið. En þá langaði hana að breyta til og að eigin sögn var hún svo lánsöm að fá vinnu við að annast börn á leikskólanum Gullborg. Starfið er mjög skemmtilegt og samskiptin við börnin og samstarfsfólkið hefur hjálpað mér að læra íslensku. Þegar ég sá sjálfstyrkingarnámskeiðið auglýst, ákvað ég að láta skrá mig, aðallega til þess að styrkja sjálfsmynd mína og líka af því að mig langaði til að hitta fleiri pólvörja. Ég fór á svona námskeið í Póllandi, sem reyndist mér mjög vel og ég vona að eins verði með þetta námskeið, segir hún.

Uppbyggingin var með svipuðu sniði, nema að því leyti, að umfjöllunin var á íslensku og túlkur sá svo um að þýða jafnóðum á pólsku. Þetta fyrirkomulag gerði það að verkum að mér fannst mun auðveldara að vinna úr verkefnum og ég held að það hafi hjálpað okkur að læra íslenskuna betur. En auðvitað er aðaltilgangurinn á svona námskeiði að



efla sjálfstraust og gera okkur mögulegt að hafa betri samskipti við aðra. Þá er ég að tala um í vinnunni, heima hjá okkur og yfirleitt allstaðar í heiminum þar sem við höfum viðkomu. Kennarinn og

túlkurinn, hún Olga, stóðu sig mjög vel og ég vil þakka Eflingu kærlega fyrir að standa að þessu námskeiði og vona að fleiri verkefni fylgi í kjölfarið, sagði Aneta að lokum.



Það var 10. mars
árið 1934 sem
tvö börn drógu
út fyrstu vinn-
ingana í Hapdrætti Háskóla Íslands.
Hapdrættið naut strax mikilla vinsælda
og þjóðin fylkti sér á bak við
það markmið að
byggja yfir hinn
unga háskóla.



Æ síðan, í
70 ár, hefur
þjóðin byggt
yfir Háskóla



Íslands með þátttöku sinni.
Þannig hefur hún tryggt
að fólk ætti kost á
fjölbreyttri menntun
án tillits til
efnahags.

ÞJÓÐARÁTAK Í 70 ÁR

HAPDRÆTTI
HÁSKÓLA
ÍSLANDS

70
ÁR

Hapdrættið hefur skipt sköpum
við uppbyggingu Háskóla Íslands og
vinningar
þess hafa
orðið
mörgum
fjölskyldum
drjúg búbót.



Vertu með og hringdu núna í síma 800 6611
eða komdu á www.hhi.is.



HAPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings

Sjúkrasjóður Eflingar í samstarf við Janus

Ný tækifæri til endurhæfingar

- segir Guðrún Kr. Óladóttir, forstöðumaður sjóðsins

Nýlega gekk sjúkrasjóður Eflingar frá samningi við Janus endurhæfingu og segir Guðrún Kr. Óladóttir, forstöðumaður sjóðsins að ástæðan sé góður árangur sem náðst hafi í endurhæfingu sjóðsfélaga í svipuðu verkefni á vegum lífeyrissjóðsins Framsýnar og fleiri sjóða. Á síðustu 10 árum hefur fjöldi öryrkja tvöfaldast og við teljum að með því að gefa fleiri einstaklingum kost á að fara í endurhæfingu, stuðlum við að fækkun þeirra sem enda á örorkubótum. Samkvæmt samningnum geta 10 einstaklingar farið í þriggja mánaða atvinnuendurhæfingu sér að kostnaðarlausu, undir leiðsögn sérfræðinga.

Við áætluðum að kostnaður við hvern einstakling verði 300 þúsund krónur. Ef það dugar ekki kemur til greina að gera samning við lífeyrissjóðinn okkar um framhald.

Það er von okkar að þeir sem í dag eru að fá sjúkradagpeninga hjá sjóðnum og hafa áhuga á að taka þátt í þessu verkefni gefi sig fram sem fyrst og kynni

sér betur alla málavexti á skrifstofu sjúkrasjóðsins, segir Guðrún.

Mikil áhersla á heilsuefingu

Guðrún minnir á að sjúkrasjóðurinn hafi lagt mikla áherslu á heilsuefingu, almennt meðal sjóðfélaga og það hafi sýnt sig eftir að Efling stéttarfélag var stofnað að fjöldi þeirra sem fara á líkamsræktarstöðvar hefur fjórfaldast og styrkir á sama tíma fimmfaldast og eins hafa styrkir vegna sjúkraþjálfunar margfaldast. Ég er mjög ánægð með þessa þróun, vegna þess að hún sýnir að fólk er orðið meira meðvitað um mikilvægi góðrar heilsu.

Eru einhver brögð á því að félagsmenn reyni að misnota réttindi sín hjá sjúkrasjóðnum?

Já, því miður. En sem betur fer eru flestir sjóðsfélagar stálheidarlegir og fara eftir settum reglum. Einstaklingar sem misnota réttindi sín reyna það oftast á þann hátt að þeir taka út sjúkradagpeninga á sama tíma og þeir eru í vinnu eða



Guðrún Kr. Óladóttir

fá greiddar atvinnuleysisbætur.

Ef sjóðsfélagi er staðinn að slíku hátt-erni er honum gefinn kostur á að endurgreiða upphæðina sem hann hefur ranglega tekið. Að öðrum kosti fer hann á svartan lista og greiðslur eru stöðvaðar þangað til gengið hefur verið frá endurgreiðslu. Við reynum að koma í veg fyrir að fólk láti freistast til að standa í slíku með því að senda öllum sem fá dagpeninga einblöðung með upplýsingum um réttindi og skyldur þeirra, sagði Guðrún að lokum.

Nýtt!

Viltu læra að koma fyrir þig orði?

- Námskeið í framsögn fyrir Eflingarfélaga

Í öllum okkar samskiptum skiptir miklu máli að koma rétt fyrir sig orði; að geta skýrt mál sitt með einföldum og auðskiljanlegum hætti. Hvort sem um

er að ræða tveggja manna tal eða tækifærisræður er ýmislegt sem við getum lært um framkomu, notkun raddarinnar og skírleika í tali.

Efling mun í mars bjóða félagsmönnum uppá námskeið í framsögn og framkomu, og undirbúningi þess að flytja sitt mál með árangursríkum hætti. Kennari er Sigurþór Heimisson. Námskeiðið er haldið í fræðslusetri Eflingar að Sætúni 1. 4. hæð og er Eflingarfélagum að kostnaðarlausu. Skráning er hjá Eflingu í síma 510-7500.

Hvað	Hvenær	Hve lengi	Klukkan hvað
Framsögn og framkoma	16., 18. og 22 mars	3 kvöld	19:00 - 22:00

BINGÓ Í VINABÆ

Öll miðvikudags-,
föstudags- og
sunnudagskvöld
kl. 19.15

„Að spila bingó vinnur á móti hrörnun heilans“

B12
I27
N33
G56
O74

Skipholt 33 s. 5534054



Umhverfis- og tæknisvið borgarinnar

118 stunda **prepaskipt nám**

FA greinir námsþarfir Eflingarfélaga

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur undanfarnar vikur unnið að greiningu fræðsluþarfa fyrir þá félagsmenn Eflingar sem eru starfandi hjá Umhverfis- og tæknisviði Reykjavíkurborgar. Aðallega er um að ræða starfsfólk við garðyrkju, sorphirðu og hjá

gatnamálstofu. Stefnt er að þrepaskiptu, heildstæðu námi sem starfsmenn geta tekið á lengri tíma.

Þarfagreiningu er nú að mestu lokið og liggja fyrstu tillögur fyrir. Lagt er til nám sem er samtals 118 kennslustundir en skiptist í þrjá hluta eða þrep: sameig-

inlegt grunnnám, valnámskeið og vettvangsheimsóknir. Niðurstöður úr þarfagreiningu sýndu að námið þarf að uppfylla eftirfarandi markmið:

- Efla sjálfstraust og lífsleikni.
- Efla hæfileika starfsmanna til samvinnu.
- Efla skilning starfsmanna á vinnuumhverfi sínu og hlutverki hvers og eins í heildarstarfssemi Reykjavíkurborgar.
- Stuðla að betri þjónustu við borgarbúa.
- Að byggja upp færni fyrir vinnumarkað með því m.a. að auka almenna þekkingu og færni í samskiptum, samvinnu, þjónustu, áhættuþáttum í vinnuumhverfi, líkamsbeitingu og umhverfisvernd.
- Að stuðla að jákvæðu viðhorfi til náms/símenntunar.

Nú þegar er búið að leggja drög að innihaldi grunnnámsins með þessi markmið í huga og hafa þau verið kynnt bæði fulltrúum starfsmanna og yfirmanna. Má segja að mikil ánægja hafi verið meðal starfsmanna með þessa vinnu og virðist sem tekist hafi að setja saman námsstilboð sem uppfyllir óskir og þarfir þeirra. Ef allt gengur að óskum mun fyrstu starfsmönnum standa til boða að hefja nám á vorönn 2004 og jafnframt verður unnið að útfærslu valnámskeiða sem sum hver verða starfstengd og sérhæfð.

Starfsmaður!
Gleymdist að kjósa öryggistrúnaðarmann á þínum vinnustað?

- Þar sem vinna 10 manns eða fleiri skulu starfa öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður.
- Þar sem vinna 50 manns eða fleiri skal starfa öryggisnefnd.
- Þar sem starfa færri en 10 manns annast atvinnurekandi eða verkstjóri vinnuverndarmál í samstarfi við starfsmenn og félagslegan trúnaðarmann.

Öryggistrúnaðarmaður!
Öryggisvörður!
Trúnaðarmaður stéttarfélags!
Verkstjóri! Stjórnandi!

Til að auðvelda ykkur ábyrgðarmikil vinnuverndarstörf heldur Vinnueftirlitið

NÁMSKEIÐ

um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað.
Leitið upplýsinga um næsta námskeið.



VINNUEFTIRLITIÐ
Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík
Sími 550 4600 - Fax 550 4610
vinnueftirlit@ver.is -
www.vinnueftirlit.is



Spennandi námskeið hjá Eflingu og TR

Takt í **tilveruna**

Í febrúar fara aftur af stað spennandi námskeið „Takt-í-tilveruna“ fyrir trúnaðarmenn Eflingar en námskeiðin eru haldin með samvinnu Tryggingastofnunar ríkisins og Eflingar-stéttarfélags. Markmið námskeiðsins er að virkja fólk í heilbrigðu líferni og auka vellíðan félagsmanna Eflingar-stéttarfélags. Með samkomulagi þessu er m.a. stefnt að því að fræða félagsmenn um sjúkdómavæðingu, orsakir og afleiðingar streitutengdra sjúkdóma og stuðla þannig að fækkun veikindadaga og seinka töku lífeyris félagsmanna.

Breyttir tímar!

Námskeiðið er hugsað til að vekja trúnaðarmenn og félagsmenn til umhugsunar um breytta samfélagsgerð, sérstaklega síðustu tvo áratugina eða svo og sérstöðu íslensks samfélags á þessum tímum. Einkennandi fyrir þetta tímabil er krafa um aukinn hraða og afköst á öllum sviðum; það þarf að gera mikið og margt og við förum af einum toppinn á annan.

Á námskeiðinu er spurt hvað sé hér á seyði og hvaða afleiðingar þessi þjóðfélagsbreyting geti haft og hvað sé til ráða?

Í samantekt sem Sigríður Lilly Baldursdóttir kennari á námskeiðinu, hefur gert kemur fram að veruleg fjölgun er í

Margir telja að auknar fjarvistir frá vinnu, streitutengdir sjúkdómar og vaxandi örorka eigi sér rætur í vinnuumhverfi okkar

hópi örorkulífeyrisþega síðastliðinn áratug og alvarleg merki eru enn um frekari aukningu á næstu árum. Þá eru vísbendingar uppi um auknar veikindafjarvistir vegna streitutengdra sjúkdóma en streita er annar stærsti heilbrigðisvandi í löndum Evrópusambandsins og fer hratt vaxandi.

Helstu áhrifavaldar vel- og vanlíðunar á vinnustað

Margir telja að auknar fjarvistir frá

vinnu, streitutengdir sjúkdómar og vaxandi örorka eigi sér rætur í vinnuumhverfi okkar. Meðal þeirra atriða sem rædd hafa verið og leggja beri meiri rækt við á vinnustöðum eru eftirfarandi:

Nægur tími þarf að vera til verkefna, skýr starfslýsing þarf að vera fyrir hendi og starfsmönnum ber að umbuna fyrir vel unnin störf. Víða er ekki greið leið að því að koma réttmætum kvörtunum starfsmanna til skila og bæta þarf úr því. Þá ber að stuðla að því að jafnvægi sé milli ábyrgðar og áhrifa á vinnustaðnum. Mikilvægt er að markmið og gildi starfs séu ljós og meðtekin af starfsmanni og að lögd sé áhersla á að auka áhrif og stolt starfsmanns á afrakstri starfsins. Starfsmenn þurfa að finna fyrir umburðalyndi, öryggi og réttlæti á vinnustað og séð verði til þess að hættum sé eytt í vinnuumhverfi. Þá er að lokum mjög mikilvægt að læra af mistökunum og því sem vel hefur verið gert til að gera vinnustaðinn betri til framtíðar.

Virðing fyrir frítímanum

Frítíminn nýtist ekki alltaf til slökunar í nútímanum og dæmi eru um að fólk komi jafnvel þreytt úr löngum sumarleyfum eftir mikið og þungt skipulag. Krafan um afköst og virkni gegnsýrir allt samfélagið og streita í vinnu getur átt rætur í lífinu þar fyrir utan. Ekki nægir því að gera einvörðungu ráðstafanir á vinnustöðunum.

Mikilvægt er því að koma sér upp vörnum gegn tímaskortinum og auknum hraða í samtímanum, að finna sinn takt í tilveruna. Að öðrum kosti mun streitan að öllum líkindum ekki minnka heldur aukast og það sífellt hraðar.

Markmiðið með námskeiðinu er einmitt að gera trúnaðarmenn færari um að meta merki um streitu á sínum vinnustað og að gera trúnaðarmenn færari um að bregðast við og fyrirbyggja þessa streitu t.d. með ábendingum til yfirmanna.

Tölvunám

Ekki hafna þessu tilboði!!!!!!

Tölvufræðslan hefur gert Eflingarfélögum glæsilegt tilboð um 25 % afslátt af þeim námskeiðum Tölvuskólans Söltúni í heimanam.is sem bjóðast í fjarnámi. Fjarnámið er fyrir alla en atvinnulausir Eflingarfélagar fá 50% afslátt af námskeiðum í fjarnámi. Smellið á www.tolvuskoli.is

www.fa.is

www.framvegis.is



Fjarnám allt árið

Fjölbrautaskólinn við Ármúla býður fjarnám í fjölda áfanga allt árið og flýtir mörgum för gegnum framhaldsskólann.



Faglegt nám til framtíðar

Fjölbrautaskólinn við Ármúla er kjarnaskóli í heilbrigðisgreinum og býður starfsnám á sex brautum: Hjúkrunar- og móttökuritarabraut, lyfjateknabraut, lækningaritarabraut, nuddbraut, sjúkraliðabraut og tanntæknabraut.



Sérsniðin námskeið að þörfum hvers og eins

Símenntunarmiðstöðin Framvegis er í eigu Fjölbrautaskólans við Ármúla og Sjúkraliðafélags Íslands. Hún sérhæfir sig í símenntun faglærðs og ófaglærðs starfsfólks í heilbrigðis- og félagsgreinum, en sérsníður einnig námskeið að þörfum fyrirtækja, stéttarfélaganna, stofnana og annarra hópa.

Sjálfsstyrkingarnámskeiðin sívinsælu halda áfram

-opið öllum Eflingarfélögum að kostnaðarlausu

Efling mun halda áfram með sjálfsstyrkingarnámskeið fyrir félagsmenn nú á vormánuðum. Námskeiðin hafa verið haldin um árabil og alltaf verið gífurlega vinsæl. Á þeim er fólki kennt að takast á

við ýmiskonar uppákomur í lífinu og taka á þeim af staðfestu og réttlæti.

Félagsmenn sem hafa sótt námskeiðin hafa fullýrt að þau nýtist bæði á vinnustað en ekki síður almennt í daglega líf-

inu. Kennarar koma frá Mími - símenntun og þau taka yfir þrjú kvöld.

Einnig er áformað framhaldsnámskeið í apríl.

Vegna mikilla vinsælda er mikilvægt að skrá sig sem fyrst hjá Eflingu í síma 510-7500.



Ólöf Aðalsteinsdóttir

Hvað	Hvenær	Hve lengi	Klukkan hvað
Sjálfsstyrkingarnámskeið	19., 24. & 26. febrúar	3 kvöld	19:00 - 22:00
Sjálfsstyrkingarnámskeið	2., 4. & 9. mars	3 kvöld	19:00 - 22:00
Sjálfsstyrkingarnámskeið frh	13., 15. & 20. apríl	3 kvöld	19:00 - 22:00

Hef betri stjórn á málum núna

- segir Ólöf Aðalsteinsdóttir sem fór á sjálfsstyrkingarnámskeið hjá Eflingu

Ólöf H. Aðalsteinsdóttir hefur umsjón með umgengni og ræstingum í Menntaskólanum í Hamrahlíð. Hún sagði margar ástæður liggja að baki þeirri ákvörðun sinni að fara á sjálfsstyrkingarnámskeið og flestar mætti rekja til umgengni við annað fólk. Ég er í stjórnunarstarfi og þegar ég sá að námsefnið var að mestu byggt uppá framkomu og áhrifum hennar á samskipti og eflingu sjálfstrausts, ákvað ég að slá til og bæta samskiptahæfni mína.

Námskeiðin voru tvö sem ég sótti með stuttu millibili og mér finnst þau hafa borið góðan árangur. Ég er mun öruggari með mig núna og hef betri stjórn á málum, sem ég þarf að takast á við t.d. ef mér er misboðið. Ég geri mér grein fyrir því að til þess að mér líði betur, þarf sjálfsvirðingin að vera til staðar og eins þarf ég að framfylgja kærleiksboðorðinu. Elska skaltu náungann eins og sjálfan þig, sagði Ólöf að lokum.

FISKVINNSLUFÓLK - FISKVERKENDUR

Mennt er máttur

Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar býður upp á grunnnámskeið fyrir fiskverkafólk og starfsmenn fiskimjölsverksmiðja.

Um er að ræða 40 klst. námskeið um meðferð hráefnis, hreinlæti og gerlagróður, innra eftirlit, vinnslurásir og verkunaraðferðir, markaðsmál, vinnuvistfræði, öryggismál, kjaramál, mannleg samskipti og umhverfismál.

Námskeiðið færir starfsmanni launahækkun og starfsheitið sérhæfður fiskvinnslumaður.

Hafðu samband og kyntu þér málið.

Hafðu samband ef þú ert í fræðsluhugleiðingum



Starfsfræðslunefnd
fiskvinnslunnar

Sjávarútvegsráðuneytinu Skúlagötu 4 150 Reykjavík
Sími 560 9670 Fax 562 1853 netfang hudda@hafro.is

Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar heyrir undir sjávarútvegsráðuneytið. Hlutverk hennar er að skipuleggja fræðslustarfsemi fyrir starfsfólk í fiskiðnaði. Nefndin er skipuð fulltrúum frá ráðuneytinu, Starfsgreinasambandi Íslands og samtökum atvinnurekenda.



Sigurður Bessason afhendir fulltrúum Sjónarhóls framlag Eflingar

Sjónarhóll

Efling styrkir sérstök börn til betra lífs

Á trúnaðarráðsfundi Eflingar 16. desember síðastliðinn afhenti formaður Eflingar, Sigurður Bessason samtökunum Sjónarhóli styrk að upphæð 700 þúsund krónur, en að Sjónarhóli standa

fjögur félög sem vinna að bættum hag barna með sérþarfir og fjölskyldum þeirra. Það voru þau Ragna K. Marín-ósdóttir og Vilmundur Gíslason sem veittu gjöfinni viðtöku og sagði Ragna

við þetta tækifæri að það væri mikilvægt fyrir samtökin að eiga svo öflugan bak-hjarl sem Eflingu að og þakkaði hún gjöfina. Gjöfin er byggð á einróma samþykkt í stjórn Eflingar.

Borgarleikhús og Efling bjóða í leikhúsveislu



Félagsmenn í Eflingu hafa undanfarin misseri fengið tilboð frá Borgarleikhúsinu þar sem þeir geta komist í leikhús á góðum afsláttarkjörum. Efling og leikhúsið hafa sameinast um að þessi kostaboð til félagsmanna.

Nú er komið að seinni hópnum á þessu starfsári leikhússins að fá tilboðsmiða frá Eflingu-stéttarfélagi og Borgarleikhúsinu. Hópnum hefur verið skipt upp fyrir og eftir áramót og er nú seinni hópurinn að fá sent póstkort með tilboði í leikhús á vorönninni. Töluverð aukning hefur orðið á haustönn þannig að fjöldi félagsmanna er meiri nú en í fyrra sem nýta sér tilboðið.

Fréttablað Eflingar óskar félagsmönnum góðrar skemmtunar og vonar að æ fleiri nýti sér þetta frábæra tilboð.

Vert er að minna fólk á að panta á **Línu** með góðum fyrirvara þar sem selst hefur hratt upp á þetta skemmtilega barnaleikrit.



Þau innsigliðu framtíð Bókasafns Dagsbrúnar, Sigurður Bessason, formaður Eflingar, Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands og Steinunn Kristjánsdóttir, formaður stjórnar ReykjavíkurAkademíunnar

Bókasafn Dagsbrúnar opnar

Táknrænt fyrir samför menntamanna og verkalyðshreyfingar

- segir forseti Íslands

Bókasafn Dagsbrúnar var opnað opinberlega 27. nóvember sl. í húskynnum ReykjavíkurAkademíunnar að Hringbraut 121. Forseti Íslands, formaður Eflingar og formaður stjórnar ReykjavíkurAkademíunnar ávörpuðu gesti við opnunina en þau fögnuðu öll þessum merka áfanga að gera safnið nú aðgengilegt almennungi með samningi Eflingar og Akademíunnar.

Gert er ráð fyrir því að í tengslum við safnið verði ráðstefnur um málefni verkalyðshreyfingarinnar þegar hópur fræðimanna hjá Akademíunni getur nýtt sér safnið og kynnt um leið málefni og sögu verkalyðshreyfingarinnar. Safnið er sérsafn, vísinda og rannsóknarsafn um söguleg fræði verkalyðshreyfingarinnar. Ekki er gert ráð fyrir að bækur verði til útláns. Ný og glæsileg lesstofa

var opnuð við þetta tækifæri þar sem fræðimenn og almenningur geta nálgast bækurnar.

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, flutti skemmtilegt og fróðlegt erindi við opnun safnsins. Hann sagði þar m.a.

Safnið í frjóan og vakandi vettvang fræða

Það er skemmtilega táknrænt fyrir farsæla samför menntamanna og verkalyðshreyfingar á langri leið að Efling skuli nú afhenda þetta góða safn sjálfstæðu samfélagi fræðimanna og rithöfunda sem vakið hefur athygli fyrir frumlegt og þróttmikið starf á þeim skamma tíma sem það hefur starfað. ReykjavíkurAkademían hefur reynst brýn viðbót við mennta- og rannsóknarstofnanir okkar Íslendinga, frjór og

vakandi vettvangur fræða og menningarstarfs, samfélag sem rúmar allar kynslóðir og öll sjónarmið eins og sannri Akademíu sæmir. Hér starfa í bróðerni reynsluríkir fræðimenn við hlið ungra vísindamanna, hér vinna sagnfræðingar, félagsvísindamenn og bókmenntafræðingar við hlið rithöfunda og ljóðskálda; flestar hliðar mannvísinda eiga fulltrúa í vaskri sveit um 80 einstaklinga sem hér gengur til verka. ReykjavíkurAkademían hefur einnig sýnt frumkvæði að forvitnilegum málstofum og ráðstefnum á ýmsum sviðum sem vakið hafa athygli, og oft verið þörf áminning um nýja hugsun, ögrun við vanaviðhorf og hagsmunafök.

Það er lítilli þjóð lífsnauðsyn að eiga þróttmikinn fræðavettvang, metnaðarfulla og sjálfstæða fræðimenn sem leita markvisst eftir samstarfi við menntastofnanir um veröld víða, njóta lifandi samskipta við erlenda háskóla, vísindamenn og rannsóknarsetur.

Pakka framsýni og stórhug

Sigurður Bessason ávarpaði gesti við opnunina og sagði þá m.a.

Ég átti fyrir margt löngu samtal við félaga minn og vin, Hjálmarfríði Þórðar-

MÍMIR
S Í M E N N T U N



Námskeið

á vorönn

2004

hefst

21. janúar

Sími: 580 1800 • www.mimir.is



Ólafur Ragnar, Halldór Björnsson, Práinn Hallgrímsson og Þórir Guðjónsson

dóttur þar sem við ræddum hversu félaglegar reyndir og réttisýnir gömlu karlarnir í Dagsbrún voru. Þá sagði þessi elska: Þetta voru svo eðlisgreindir menn. Það var málið. Þetta voru sjálfmenntaðir og vel lesnir menn. Það var ekki tilviljun að Dagsbrún átti að skipa mönnum eins og Tryggva Emilssyni. Hann var einmitt afskaplega gott dæmi um hæfileikaríkan mann sem lengi vel vann

fyrir sér með verkamannastörfum, en ritsnilld hans og frásagnargáfa komu í ljós síðar á ævinni.

Þessum félögum okkar getum við þakkað þá framsýni og stórhug að þetta safn er til.

Bókasafn Dagsbrúnar inniheldur marga dýrgripa. Þá á ég ekki einungis við sögu launafólks, hugmyndir þess og vonir um betri veröld. Við finnum fyrir

góðum straumum frá þeim sem upphaflega völdu fyrstu bækurnar í þetta safn. Þar njótum við arfleifðar Héðins Valdimarssonar, en ekkja Héðins, Guðrún Pálsdóttir, færði Dagsbrún safnið að gjöf á hálfri aldar afmæli félagsins í janúar 1956. Mikill hluti gjafarinnar voru bækur Héðins auk bóka foreldra hans, Valdimars Ásmundssonar og Bríetar Bjarnhéðinsdóttur.

Nú er komið að vegamótum í lífi Bókasafns Dagsbrúnar. Það fer vel á því þegar safnið er komið á svo ráðsettan aldur, það á eftir þrjú ár í fimmtugt, að festa færast yfir líf þess. Það hefur hingað til búið við alúð og umhyggju góðra bókavarda og áhugasamra velunnara þar á meðal hafa fyrrum formenn Dagsbrúnar, Guðmundur J. Guðmundsson og Halldór Björnsson sýnt safninu áhuga og velvilja. Ég er þess fullviss að væru þeir hér samankomnir sem lagt hafa tíma sinn og vinnu til safnsins myndu þeir samgleðjast með okkar, sagði hann.

Stuðningsaðilar Bókasafns Dagsbrúnar eru auk Eflingar, Reykjavíkurborg, Hafnarstjórn Reykjavíkur, Orkuveita Reykjavíkur, Borgarbókasafn og Olís. Lesa má ávörp forseta Íslands og formanns Eflingar á vefsíðu Eflingar, www.efling.is

Tveir hópar útskrifast hjá LSH

Lærum **meiri íslensku**



Guðrún Halldórsdóttir við útskrift af öðru námskeiði

Undanfarnar vikur hefur staðið yfir íslenskukennsla á Landspítala Háskóla-sjúkrahúsi fyrir starfsmenn í eldhúsum og ræstingarstörfum.

Tveir hópar útskrifuðust í síðasta mánuði eftir 40 stunda framhaldsnámskeið í íslensku. Þessir starfsmenn hafa flestir mikinn áhuga á frekara námi. Þeir stefna ótrauðir á að læra meira.

Námskeiðin voru styrkt af menntamálaráðuneytinu og fræðslusjóði ríkis og hjúkrunarheimila hjá Eflingu-stéttarfélagi.

Fyrir nokkrum árum var unnið náms efni fyrir starfstengda íslensku í eldhúsum og við ræstingar á Landspítalanum. Það námsefni hefur komið að góðum notum við þessa kennslu og verður vonandi haldið annað framhaldsnámskeið á næstunni auk þess sem nemendur hafa áhuga fyrir ennfrekara námi.

**Er trúnaðarmaður á
þínum vinnustað?**

**Hafðu samband á skrifstofuna 510 7500
Félagar- fylgist með réttindum ykkar!!!!**



Starfsaldursviðurkenningar ISS

Það er hefð fyrir því að afhenda starfsaldursviðurkenningar á árhátíð ISS Ísland sem haldin er í nóvember ár hvert. Þetta árið var engin undantekning en óvenju margir áttu starfsaldursafmæli, en þeir voru ekki allir á árhátíðinni. Því var boðað til kaffisamsætis á skrifstofu ISS vikuna eftir árhátíðina og var mjög góð mæting.

ISS veitir starfsaldursviðurkenning-

ar fyrst við 5 ár, 10 ár, 15 ár og 20 ár. Fyrirtækið hefur starfað í 23 ár og nokkrir starfsmenn hafa náð 20 árum hjá fyrirtækinu og þar af tveir unnið frá upphafi.

Starfsmenn sem hlutu viðurkenningu vegna 5 ára starfsaldurs voru Ingibjörg Sigurðardóttir, Þórdís H. Þorgilsdóttir, Helga Björnsdóttir, Bjarnís Gunnarsdóttir, Viktoría

Jensdóttir og Þorbjörg Gyða Thorberg. 10 ára viðurkenningu hlutu Kolbrún Una Einarsdóttir, Sigríður Hauksdóttir, Elín Anna Sigurjónsdóttir, Bryndís Kjartansdóttir og Halldóra Kr. M. Kristinsdóttir. Með þeim á myndinni eru Guðmundur Guðmundsson, framkvæmdastjóri og Ólöf A. Þórðardóttir, starfsmannastjóri.


Kennsluefni á geisladiskum

- Viltu læra heima í rólegheitum?

Starfsmenntasjóðir Eflingar hafa ákveðið að félagsmenn Eflingar-stéttarfélags geti nýtt sér einstaklingsstyrki sína til að kaupa kennsluefni í formi geisladiska sem Fjarkennsla ehf gefur út.

Fjarkennsla ehf hefur útbúið kennsluefni fyrir Windows stýrikerfið, Microsoft Office, Adobe Photoshop og Garmin GPS tæki svo eitthvað sé nefnt.

Nú geta félagsmenn Eflingar farið til Fjarkennslu ehf að Lyngási 18, Garðabæ og keypt kennsluefni með 20% afslætti, komið síðan á skrifstofu Eflingar og nýtt sér rétt sinn til endurgreiðslu samkvæmt þeim úthlutunarreglum einstaklingsstyrkja sem gilda fyrir árið 2004.



Þjónustuliðanámið af stað í febrúar



Frá fundi verkefnisstjórnar um þjónustuliðanámskeið

Nú er verið að leggja lokahönd á frágang nýrrar námskrár fyrir þjónustuliðanám en á vormánuðum 2003 kom upp sú hugmynd að kanna möguleika á að stofna til sérstakrar námsbrautar fyrir fólk í ræstingastörfum.

Náminu verður skipt niður í tvær grunneiningar ásamt nokkrum fageiningum sem hægt verður að taka hverja fyrir sig eða allar. Hugmyndin er að félagsmenn geti í samráði við sína atvinnurekendur búið sér til sinn eigin námsferil sem hentar hverjum og einum. Grunnþættirnir tveir eru mislangir, annar er 28 stundir og hinn er 16

stundir, en fageiningarnar eru styttri. Þá geta þeir sem vilja einnig bætt við sig stjórnunareiningu sem gæti auðveldað fólki að taka að sér ræstingastjórastörf eða önnur stjórnunarstörf.

Stefnt er að því að fá mat á þessu námi hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

og mun námið þá verða metið til eininga.

Fyrsti námshópurinn mun fara af stað í febrúar og geta þeir sem vilja afla sér frekari upplýsinga haft samband við Maríönnu hjá Starfsafli í síma 510-7543 eða Garðar hjá Eflingu í síma 510-7500.



Námskráin (sjá næstu síðu) hefur verið unnin í samstarfi Eflingar-stéttarfélags, Samtaka atvinnulífsins, Félags fagfólks í ræstingum og ræstingastjóra, Starfsafli, ásamt því sem þjónustufyrirtækin ISS, Hreint og Landspítali háskólasjúkrahús hafa komið að stefnumótun. Iðntæknistofnun tók að sér verkefnisstjórn og ábyrgð á framkvæmd.

ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI ÖLL ÖKURÉTTINDI

Ný námskeið vikulega

www.nyiokuskolinn.is

**NÝI
ÖKUSKÓLINN**

SÍMI: 588 4500 • 898 3903

Kennsluskrá námsbrautar fyrir þjónustuliða

Grunnur I, 28 stundir

Kynning á námi - Þjónustuliðinn (1)
Nám og námstækni (2)
Áhöld, búnaður og líkamsbeiting (5)
Skipulag þrifa (4)
Efnisfræði vatns og hreinsiefna (4)
Örverufræði (4)
Samskipti og árangur (3)
Sjálfsstyrking og streita (3)
Aðilar vinnumarkaðarins (2)

Grunnur II, 16 stundir

Þjónustuhugtakið (4)
Gæðahugtakið og GAMES (6)
Meðferð ágreinings og kvartana (2)
Siðfræði (4)

Fageining I, 8 stundir

Sjúkrahús og heilsustofnanir
Dvalarheimili
Heilsugæslustöðvar

Fageining II, 8 stundir

Hótel og veitingastaðir
Mötuneyti
Bakarí
Kjöt og fiskvinnsla
Matvöruverslanir
Gámar og farartæki til matvöruflutn.

Fageining III, 6 stundir

Íþróttamannvirki og sundstaðir
Heilsuræktarstöðvar

Fageining IV, 4 stundir

Gluggaþvottur

Fageining V

Textíll

Fageining VI

Farartæki til fólksflutninga

Fageining VII

Umhverfismál
Flokkun sorps

Fageining VIII

Skyndihjálpi
Öryggis- og brunavarnir

Fageining IX

Söfn og listagallerí

Fageining X

Heimili

Stjórnunareining

Hagnýtt nám
í beinum tengslum
við atvinnulífið

Tækniháskóli Íslands
Háskóli atvinnulífsins

TÆKNIDEILD

- Iðnaðartæknisvið**
 - Iðnaðartæknifræði til B.S. gráðu
- Byggingartæknisvið**
 - Byggingartæknifræði til B.S. gráðu
 - Byggingarfræði diploma
- Rafmagns- og tölvutæknisvið**
 - Rafmagnstæknifræði til B.S. gráðu
 - Tölvu- og upplýsingatæknifræði til B.S. gráðu
 - Rafíðnifræði diploma
- Véltæknisvið**
 - Véltæknifræði til B.S. gráðu
 - Orkutæknifræði til B.S. gráðu
 - Vélfönnun diploma

HEILBRIGÐISDEILD

- Geislafræði til B.S. gráðu
- Meinataekni til B.S. gráðu

REKSTRARDEILD

- Vísioptæknifræði til B.S. gráðu af alþjóðamarkaðs- og vörustjórnunarsviði
- Rekstrarfræði diploma

FRUMGREINADEILD

- Undirbúningur að námi við háskólaeildir
- Hraðferð fyrir stúdenta

TÆKNIHÁSKÓLI ÍSLANDS
Technical University of Iceland

Höfðabúakki 9 • IS-110 Reykjavík • Sími 520 7400 • Fax 520 7401 • www.thi.is



Íslendingar góðir vinnufélagar

- en Filippseyingar lífsglaðari, segir Freyja Marivic Espirita
frá Cebu city á Filippseyjum

Freyja Marivic Espirita kom hingað frá Filippseyjum í október 1988 til að vinna og það er ekkert fararsnið á henni. Hún er ein af fjölmörgum út-
lendingum í Eflingu en um þessar mundir eru um tvö þúsund félags-
menn í Eflingu af erlendum uppruna. Okkur langaði til að forvitnast um
það sem varð þess valdandi að Freyja
flutti til Íslands fyrir hálfum öðrum
áratug síðan.

Ég hafði lokið námi í háskóla og var byrjuð að vinna í banka í Manila, þegar systir mín sem býr hér hafði samband við mig og spurði, hvort ég vildi ekki flytja til hennar og fá vinnu sem væri mun betur launuð segir Freyja, þegar hún er spurð um ástæður þess að hún flutti til Íslands.

Ég tók vel í hugmyndina og skömmu seinna kom systir mín út til að sækja mig og við höldum til Íslands. Ég fór strax að vinna í eldhúsinu á Esjubergi á Hótel Esju. Þegar staðurinn breyttist svo í pizzustað fyrir 6 árum, fór ég að vinna í fiski og er núna að vinna hjá Toppfiski úti á Granda hjá mjög góðu

fólki. Vinnan á mjög vel við mig og ég hef eignast marga góða vini þar.

Hvernig hefur þér gengið að koma þér fyrir?

Það gengur mjög vel. Ég bý í íbúð sem við systurnar keyptum ásamt frænku okkar og eins og í fyrirtækjum þá hagræðum við til að ráða við inn-

kaupin með því að versla sameiginlega í matinn og ýmsu öðru móti.

Hvernig ganga samskiptin við Íslendinga?

Þau mættu vera meiri. En til þess að svo geti orðið verður fólk að erlendum uppruna að leggja meiri áherslu á að læra íslensku. Því að ef maður getur ekki gert sig skiljanlegan eða skilið það sem aðrir segja verða samskiptin nánast engin. Ég fór í Landnemaskólann sem Efling stendur að og hafði mjög gott af því en það má alltaf gera betur.

Er daglegt líf fólks á Filippseyjum ekki frábrugðið lífinu hér?

Atvinnuleysi og fátækt

Jú, eins og flestir vita þá er mikið at-
vinnuleysi og fátækt á Filippseyjum og þeir sem eru svo lánsamir að fá vinnu verða að setta sig við laun sem duga varla fyrir mat. En samt er folkið mun lífsglaðara og nýtur meiri samvistar við aðra en ég verð vör við hér. Íslendingarnir mæta til vinnu að morgni og flestir eru afskaplega góðir vinnufélagar en að loknum vinnudegi fara þeir heim og borða kvöldmat, horfa á sjónvarpið og fara svo að sofa. Við höfum annan hátt á þessu. Eftir vinnu komum við saman til að ræða málin eða gera eitthvað annað skemmtilegt og á fimmtudagskvöldum og laugardögum hittumst við sem erum kaþólikkar og biðjum saman.

Hefur þú haft einhvern stuðning af stéttarfélaginu þínu?

Já, félagið hefur greinilega brugðist fljótt við mikilli aukningu erlendra félagsmanna og sést það best á fjölbreyttri þjónustu sem við fáum varðandi ýmis réttindi sem snerta afkomu okkar og möguleika á námi. Ég þurfti t.d. að fá mér ný gleraugu nýlega og fékk styrk hjá félaginu, sagði Freyja og brosti.



Freyja á góðri stund ásamt Merylene systur sinni og Cherry Lou frænku sinni



FULLORÐINSFRÆÐSLA

Morgun-, síðdegis- og kvöldnámskeið

PRÓFADEILD - ÖLDUNGADEILD

Grunnskólastig: (íslenska, danska, enska, stærðfræði) - grunnnám, fornám -
upprifjun og undirbúningur fyrir framhaldsskólanám.

Framhaldsskólastig: sjúkraliða-, nudd- og félagsliðanám. Almennur kjarni fyrstu þriggja anna framhaldsskóla og sérgreinar á heilbrigðissviði. **Fjarnám** í sérgreinum á heilbrigðissviði. **Félagsliðanám** - brú fyrir stafsólk í umönnun aldraðra og fatlaðra.

Sérkennsla í lestri og ritun - viðtöl og einkatímar. Íslenska: aukinlestrarfærni, stafsetning og málfræði.

INNTRITUN: 7. - 12. janúar. Kennsla hefst 15. janúar

ALMENNIR FLOKKAR - FRÍSTUNDANÁM

Fjölbreytt tungumálanám: Byrjenda- og framhaldsflokkar. Norska, sænska, enska, þýska, hollenska, franska, ítalska, spænska, portúgalska, pólska, tékkneska, arabíska og tælenska. *Talflokkar og upprifjun* í dönsku, sænsku, ensku, þýsku, spænsku og ítölsku fyrir þá sem hafa áður lært en lítið notað þessi tungumál. Daglegt mál og lestur bókmenntatexta.

Myndlist og handverk:

Fatasaumur, skrautskrift, glerlist, mósaík,

teikning og vatnslitamálun, olfumálun,
skopmyndateikning, prjón/ myndprjón/hekl.

Önnur námskeið:

Fjármál heimilanna - leiðin til velgengni,

Matreiðsla fyrir karlmenn - byrjendur,
Matreiðsla sjávarréttar - framhald,
húsgagnaviðgerðir - viðgerðir á gömlum- og
antikhúsgögnum, trúarbrögð heims, ofl.

Námskeið fyrir börn og unglinga:

Norska, sænska, danska fyrir 7-11 ára, til að viðhalda kunnáttu þeirra í málunum.

Spænska fyrir 7-13 ára, byrjenda- og framhaldsnámskeið.

Aðstoðarkennsla í stærðfræði fyrir nemendur í 9. og 10. bekk grunnskóla.

INNTRITUN: 13. - 22. janúar kl. 09-21. Kennsla hefst 26. janúar.

Íslenska fyrir útlendinga

Morgun-, síðdegis- og kvöldkennsla fyrir byrjendur og lengra komna (stig 1-5).

Íslenska talflokkar og ritun.

INNTRITUN: 13. - 22. janúar kl. 09-21. Kennsla hefst 26. janúar.

Innritun fer fram í Miðbæjarskóla, Fríkirkjuvegi 1.

Upplýsingar í síma 551 2992

Netfang: nfr@namsflokkar.is Vefsíða: www.namsflokkar.is

Kennt er í Miðbæjarskólanum og í Mjódd, Þönglabakka 4.

SVO LENGI LÆRIR SEM LIFIR



Frá útskrift jarðlagnatækna vorið 2003

Viltu læra á lagnir og jarðvegsframkvæmdir?

Jarðlagnatækninámið **aftur af stað**



Námsflokkar Hafnarfjarðar
Miðstöð símenntunar

Vorönn 2004

Nám sniðið fyrir þig!

- Tungumál. Handverks- og listgreinar.
 - Íslenskunám fyrir útlendinga.
 - Tölvunám. Bókhald og rekstur.
 - Ýmis frístundanámskeið.
- Starfsnám og starfstengd námskeið.
- Sérsmíðin námskeið fyrir fyrirtæki og stofnanir.
- Námsaðstoð fyrir nemendur í 10. bekk grunnskóla.
- Prófaáfangar í samvinnu við Flensborgarskóla.
- Símenntunarnámskeið fyrir kennara.
- Fjarnám í samstarfi við Háskólann á Akureyri.

Innritun á vorönn 2004 fer fram 19.-23. janúar
kl. 13-19 á skrifstofu Námsflokka, v/Skólalabaur,
(gamla Lækjarskólahúsið) þar sem allar nánari uppl. eru veittar.
Sími 585-5860. Vefslóð: www.namsflokkar.hafnarfjordur.is

Starfsnám í jarðlagnatækni mun fara aftur af stað nú í febrúar, en alls hafa liðlega 60 Eflingarfélagar útskrifast úr þessu námi. Hér er um að ræða áhugavert nám ætlað öllum þeim sem starfa við jarðlagnir og jarðvinnu. Námsgreinar miðast við að þær nýtist sem best fyrir þá sem starfa við raf-, vatns- og hitaveitulagnir, holræsi og fjarskiptalagnir. Námsgreinar eru m.a. lagnir og lagnaefni, jarðvegsfræði, tæringarfræði, efnisfræði, vélfræði, rafmagnsfræði og tölvur ásamt almennum greinum.

Námið er alls 300 kennslustundir og kennt er í þremur tveggja vikna lotum: 19.-30. janúar, 16.-27. febrúar, og 15.-26. mars. Kennt frá kl. 8.30-17.00 virka daga. Starfsnámið er skipulagt af Mími-símenntun og Eflingu - stéttarfélagi ásamt því sem Samorka (samtök orku- og veitufyrirtækja), Orkuveita Reykjavíkur, Síminn og Gatnamálastofa Reykjavíkur koma að skipulagningu. Verð á náminu er 240.000 krónur. Fræðslusjóðir Eflingar hafa tekið þátt í kostnaði á hluta námsins. Er þá óskað eftir því að viðkomandi stofnun eða fyrirtæki greiði einnig hluta af kostnaði.

Nánari upplýsingar má fá hjá Garðari Vilhjálmsyni, fræðslustjóra Eflingar, í síma 510-7500, gardar@efling.is

Framhald af blaðsíðu 13

Ætlaði í læknisfræði...

skynsemi í því að skella sér í flugið en að verða læknir. Það tæki mun skemmri tíma og þá gæti ég líka unnið með náminu. Það varð ofaná. Ég hef ekki rétt á námsláni fyrr en eftir nokkur ár og verð þess vegna að vinna til þess að kosta námið og framfleyta mér. Eins þarf ég að hafa möguleika á því að senda fjöldskyldu minn peninga stöku sinnum.

Flugnámið gengið vel

Það gekk mjög vel að komast í flugskólann. Ég hringdi í Flugskóla Íslands og stuttu seinna fór ég í fyrsta flugtímann minn og það var ógleymanleg stund.

Núna er ég kominn með 140 flugtíma og er búinn að ljúka einkaflugmannsprófi og bóklegu námi fyrir atvinnuflugmenn og hef eignast hlut í lítilli flugvél til að auðvelda mér að safna flugtímum. Næsta verkefni er að læra blindflug, sem verður vonandi í mars. Ef mér tekst að ljúka því og þegar ég er kominn með 200 flugtíma, má ég sækja um atvinnuflugmannsskírteini.



Með bros á vör í flugstjórnaklefanum

Hvort að það verður á þessu ári eða því næsta er ekki gott að segja því að hver flugtími kostar tæpar tólf þúsund krónur og ég reikna með að heildarkostnaður við námið verði nálægt þremur milljónum.

Starfsmenn Flugskólans hafa verið mjög hjálplegir og greitt götu mína eftir

bestu getu og ég verð þeim ævinlega þakklátur fyrir það. Að námi loknu ætla ég að sækja um vinnu hjá flugfélagi í Eþíópíu og ég geri mér miklar vonir um að það gangi upp, sagði Kusse að lokum.

Viðtal/Róbert

Mikil vinna við starfsmatið dugði ekki

Starfsmati seinkar enn frekar

Allt árið 2003 hefur verið unnið að því að koma starfsmatinu sem unnið er að milli Reykjavíkurborgar og Eflingarstéttarfélags auk annarra stéttarfélaganna í höfn. Stefnt var að því að lokið yrði starfsmatsviðtölum og hægt yrði að greiða eftir nýju starfsmatskerfi nú í desember en það tekst ekki.

Ástæður seinkunarinnar eru margar en sú viðamesta er að ekki hefur verið nægur mannaflí af hálfu Reykjavíkurborgar til að taka rúmlega 700 starfsmatsviðtöl sem þarf vegna matsins en um 300 viðtöl eru búin. Sú áætlun sem gerð var um hvenær þeim yrði lokið var í engu samræmi við þann fjölda sem

vann að verkefninu og þann tíma sem hvert viðtal tekur.

Ragnar Ólason sem er fulltrúi Eflingar í starfsmatnefndinni hefur margítæk að bent á að það þyrfti fleiri til að sinna verkefninu. Nú í desember var unnið að því að skoða ofan í kjölinn þau viðtöl sem lokið er við og reyna að átta sig á hversu vel þau endurspegla störf.

Það eru um 330 til 350 störf sem fólk í Eflingu - stéttarfélagi, Starfsmannafélagi Rykjavíkur og Kjarafélagi tækni-fræðingafélagsins gegna hjá borginni. Starfsmatsnefndin hefur enn sem komið er aðeins staðfest starfsmat óformlega á fáeinum störfum og er mikil vinna eftir

við að taka þau viðtöl sem eftir eru og staðfesta matið á störfunum.

Í bréfi frá stéttarfélögunum til borgarstjóra leggja stéttarfélögin áherslu á eftirfarandi atriði:

- Ekki sér enn þá fyrir endann á framkvæmd starfsmatsins.

- Ekki liggja fyrir nauðsynlegar upplýsingar né hafa viðræður samningsaðila um framkvæmd þess hluta hæfnislauna sem snýr að umbun starfsmanns fyrir að fylgja endurmenntunaráætlun stofnunar leitt til niðurstöðu.

- Ekki hefur tekist að ganga frá reglum um framkvæmd þess hluta sem byggir á mati á hæfni starfsmanns sem nýtist í starfi og er umfram þær kröfur sem starfið gerir til hans.

Í framhaldi af þessu eru lagðar fram tillögur til borgarstjóra um að bregðast við og koma til móts við starfsmenn vegna seinkunarinnar.

Haldinn var fundur með borgarstjóra þar sem áherslur stéttarfélaganna voru skýrðar og lýst óánægju með hve seinkun er orðin mikil á starfsmatinu og greiðslum því samfara.

Ertu að hætta að vinna????

Starfslokanám-skeið í febrúar og mars

Efling mun í febrúar og mars standa að hinum vinsælu starfslokanámskeiðum fyrir félagsmenn sem eru farnir að huga að starfslokum. Á þessum námskeiðum er farið í réttindi og skyldur sem fylgja því að draga úr störfum á vinnumarkaði t.d. er varðar réttindi hjá Tryggingastofnun og lífeyrissjóðum en einnig er farið í almenna heilsufræði og almenna vellíðan á efri árum.

Námskeiðin eru félagsmönnum að kostnaðarlausu og er skráning hjá Eflingu í síma 510-7500.

Starfslokanám-skeið	Starfslokanám-skeið
27., 29. & 31. janúar 2 kvöld + laugardagur	23., 25. & 27. mars 2 kvöld + laugardagur
19:00-22:00 /10:00-15:00	19:00-22:00 /10:00-15:00

Umsagnir Eflingar um atvinnuleyfi

Aðhaldsstefna í atvinnuleysi

Efling - stéttarfélag gefur, eins og önnur stéttarfélög, umsögn um útgáfu atvinnuleyfa þegar fólk utan hins Evrópska efnahagssvæðis kemur hingað í atvinnuleit. Sá misskilningur er útbreiddur að stéttarfélögin veiti leyfin. Svo er ekki. Efling veitir eins og önnur stéttarfélög umsögn um leyfin, mælir með eða á móti umsögn en Vinnumálastofnun afgreiðir leyfin. Þegar fjallað er um atvinnuleyfi hjá fólki sem hyggst starfa á félagssvæði Eflingar þarf að hafa í huga hvort nægjanlegt framboð er af fólki sem getur og er reiðubúið að vinna þau störf sem í boði eru.

Í núverandi atvinnuástandi þegar um 760 félagsmenn Eflingar eru án atvinnu hefur verið mótuð sú stefna að mæla gegn öllum nýjum atvinnuleyfum. Þegar um framhaldsumsóknir er að ræða hefur félagið litið til þess hversu lengi viðkomandi einstaklingur hefur starfað hér á landi. Ef einstaklingur hefur dvalið hér og starfað lengur en tvö ár er yfirleitt ekki lagst gegn framlengingu atvinnuleyfis. Þá heyrir það til undan-

tekninga að lagst sé gegn atvinnuleyfi ef viðkomandi hefur auk þess fjölskyldutengsl hér á landi, er gift/giftur í sambúð eða á börn.

Fyrirtæki sækja um en ekki launamenn

En þetta er ekki öll sagan. Það er þannig að viðkomandi einstaklingur sækir ekki um atvinnuleyfi heldur fyrirtækið sem hefur ráðið hann í vinnu. Áður en umsögn er veitt er skoðað hvernig fyrirtæki hafa staðið sig sem sækja um atvinnuleyfi. Þess eru mörg dæmi að fyrirtæki sem er að sækja um leyfi hafa oft skömmu áður en umsögn er lögð fram, sagt upp starfsmönnum. Oftar en ekki Íslendingum. Undir þeim kringumstæðum hefur félagið lagst gegn útgáfu atvinnuleyfa. Sama er upp á teningnum þegar fyrirtæki sem sækir um leyfi hefur ekki staðið skil á sköttum og skyldum starfsmanna sinna því að það kemur þessum einstaklingum oft í koll síðar.

En því miður hafa opinberir aðilar,

En því miður hafa opinberir aðilar sem gefa leyfin út, ekki farið eftir tilmælum Eflingar, jafnvel þótt félagið hafi bent á vanrækslu fyrirtækja á greiðslu skatta, framlag í lífeyrissjóði og fleira sem miður fer gagnvart starfsmönnum

þeir sem gefa leyfin út, ekki farið eftir tilmælum Eflingar, jafnvel þótt félagið hafi bent á vanrækslu fyrirtækja á greiðslu skatta, framlag í lífeyrissjóði og fleiru sem miður fer gagnvart starfsmönnum. Í svari félagsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur á alþingi um útgáfu atvinnuleyfa kom fram að stjórnvöld gera ekkert með slíkar ábendingar og gefa út leyfi þrátt fyrir ábendingar og aðvaranir félagsins um vanrækslu á þessu sviði. Efling-stéttarfélag hefur reynt að vinna málin faglega með tilliti til hagsmuna launafólks í félaginu. Farið er yfir hverja umsókn og reynt að gæta fyllstu sanngirni við afgreiðslu þeirra.



Jólaball Eflingar

Jólatrésskemmtun Eflingar var haldin í Iðnaðarmannahúsinu við Hallveigarstíg sunnudaginn 28. desember síðastliðinn og fjölmenntu félagsmenn með börnin sín.

Að venju hófst skemmtunin með dansi, söng og hefðbundnum leikjum við jólatréð. Þá var gert smá hlé til að njóta góðra veitinga og eftir það komu jólasveinar í heimsókn. Börnin skemmtu



sér konunglega og það sama má segja um þá fullorðnu. Barnsleg gleði skein úr hverju andliti. Hér birtast nokkrar myndir sem voru teknar á skemmtuninni því til sönnunar.

Tölvunám

Nýjung - lærðu þegar þér hentar!

- og ræddu við kennarann þegar þér hentar

Samstarfssamningur hefur verið undirritaður milli Tölvuskólans NEMANDI & Starfsafls fyrir félagsmenn Eflingar á almennum vinnumarkaði. Með þessum samningi gefst félagsmönnum Eflingar tækifæri á að sækja vandað fjarnámskeið á tölvur á vegum


skólans á sérlega góðum kjörum.

Námið er þannig í grunninn fjarnám en nemendur geta leitað til leiðbeinenda með tölvupósti eða hringt til skólans til að fá aðstoð. Námskeiðið kostar kr. 29.000,- og er hægt að sækja um endurgreiðslu námskostnaðar þegar námi er

lokið til Starfsafls. Tekið er mið af úthlutunarreglum einstaklingsstyrkja.

Fjarnámið stendur yfir í 8 vikur og er áhersla lögð á persónulegan stuðning og eru kennslubækur og geisladiskar sendir nemendum reglulega á meðan á námskeiði stendur.

Skráning og upplýsingar er hjá Fjarnámsskólanum NEMANDI í síma 487 4974 eða nemandi@nemandi.is og hjá Maríönnu hjá Starfsafl í síma 510 7543 eða starfsafl@starfsafl.is



●	MYNDA TEXTI	SVIÐ- DRA GULLA LÍF	MYNDA DÍJAST STABILL	EINS	NÁLEGA DEIÐ NIMINN	GER- ANDI EINS	MYNDA DRA LÍF							
HÉR GAM DIL		11												
AT- FRANZA FAR														
VIB- KVAR				VOT AFSPAR A FLIA										
SIGL- ING														
HAUÐ- MA EINS					3	NAFA HAF A FALLA	7	KAR- SJÓN	FADI LÍF- FARI	GLAÐA MYLLO TRAPPA	RANI SAMIT	SABT MIATL- AR	FLÓTTI MURTA	
DEIÐ FLÓTTI- LAND	+													
REYTA RANA KARL							TALÍD SANT.						4	
KLARI KONA ARBEIÐ				13										
MYTT- MIN JAFNFI							1							
VÉL- BATHA			5				STÓR- SARVIN FÖR							
*	↓		STÓLA STÓLA LÖGISA								10			
STAFUR LÉNED TALA								EINS ↓			KONA LITUR		SAJALA	
VATLA				SVAR KANS										
DRÖTT- AST SK. ST.			2				14		DETL HÖST				12	
STR- SILA		AND- LAS		SK. ST. ROK			LAIR- PANG KALL FLER							
*	→						→	RUGLA	→			ATT SKÓLA		
*	FORBID SAMIT.	6						DEYUR LEARN.						
MYNDA GAM PUGL														
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	



Lausnarorð:

Nafn:

Vinnustaður:

Sími:

Heimili:

Kennitala:

Verðlaunakrossgáta

Veitt verða verðlaun fyrir lausn á krossgátunni. Verðlaunin nema 15.000,- krónum. Lausnir sendist til: Efling-stéttarfélag / Krossgátan, Sætún 1, 105 Reykjavík. Svar þarf að berast fyrir 16. febrúar nk.




Krossgátan leyst

Sigríður Antoníusardóttir fékk verðlaunin

Fjóla Jónsdóttir, þjónustufulltrúi Eflingar-stéttarfélags afhendir hér Sigríði Antoníusardóttur verðlaun fyrir síðustu krossgátu. Lausnarorðið var GRJONAPUNGUR

Lausn síðustu krossgátu





Marion Simon frá breska Alþýðusambandinu

Merk nýmæli. Trúnaðarmaður fræðslumála

Athyglisverðar hugmyndir

- segir Garðar Vilhjálmsson, fræðslustjóri Eflingar



Garðar Vilhjálmsson

Breska Alþýðusambandið TUC hefur á síðustu árum samið um svokallaða fræðslutrúnaðarmenn sem á ensku kallast (union learning representative), og hafa þeir nú fengið stöð í breskum lögum þar sem þeim er tryggður tími til að vinna að og koma á fræðslustefnu innan fyrirtækja ásamt því að aðstoða félaga sína á vinnustaðnum við að koma sér aftur í nám.

Breska Alþýðusambandið hefur komið á sérstöku fræðslukerfi fyrir þessa trúnaðarmenn og þar fá þeir grundvall-

arþjálfun í þarfagreiningu og stefnumótun á sviði fræðslumála fyrirtækja. Þessum trúnaðarmönnum er ætlað að starfa við hlið félagslegra trúnaðarmanna og öryggistrúnaðarmanna en mikil áhersla er lögð á að fræðslutrúnaðarmenn þurfi ekki að taka á ágreiningsmálum er snerta kaup og kjör sinna félaga.

Nýlega kom hingað til lands - fyrir milligöngu Eflingar - Marion Simon sem starfar við skipulagningu á þessu nýja trúnaðarmannakerfi í Bretlandi. Marion kynnti hugmyndina og aðferðir við uppsetningu á kerfinu fyrir starfsfólki Mímis - símenntunar og fyrir menntanefnd ASÍ.

Garðar Vilhjálmsson, fræðslustjóri Eflingar, segir að það sé áhugavert fyrir okkur hér á landi að skoða þessar hugmyndir með það í huga að koma hér á trúnaðarmönnum fræðslumála.

Tölvubækur frá Hemru með Eflingarafslætti á 375 krónur

Lærðu heima í rólegheitum

- ódýr og góð leið til að kynnst tölvunni frá byrjun

Vegna góðra undirtekta hefur Efling ákveðið að halda áfram samstarfi við Hemru um tilboð til Eflingarfélaga á tölvunámsbókum sem taka á öllum megin tölvuforritum. Um er að ræða einfaldar sjálfsnámsbækur sem allir geta nýtt sér, hvert hefti kostar aðeins 1.500 krónur hjá útgáfunni og geta félagsmenn sótt um einstaklingsstyrki til Eflingar fyrir 75% af því. Þannig greiða félagsmenn aðeins kr 375 krónur fyrir hvert hefti. Verðið lækkar enn meira ef keyptir eru tilboðspakkar.

Eflingarfélagar geta hringt í útgáfuna í síma 511-4250, eða sent tölvupóst á stymir@baekur.is og pantað bækurnar og eru þær þá sendar með reikningi án aukakostnaðar ef greitt er með greiðslukorti, í póströfu bætist við kr 500 í sendingargjald. Félagið endurgreiðir síðan 75% af reikningnum samkvæmt þeim reglum sem um eintaklingsstyrki gilda.

ÓDÝRT...ÓDÝRT...ÓDÝRT...ÓDÝRT...ÓDÝRT...ÓDÝRT...ÓDÝRT...ÓDÝRT...ÓDÝRT...

Vaka
DEKKJA
ÞJÓNUSTA
ELDSHÖFÐA 6 - SÍMI 567 7850

- Láttu setja vetrardekkinn á aukafelgur.
- Það sparar þér umfelgun tvisvar á ári!
- Það fer betur með dekkinn.
- Þú lendir ekki í örtröð dekkjaverkstæðanna.

VERTU HAGSÝNN Í ÁR!

Mikið úrval af góðum notuðum vetrardekkjum einnig low profile dekk 16" 17" 18"

Seljum einnig:

- Sólaba hjólbarða
- Nýja hjólbarða

Kynntu þér málið og sparðu útgjöldin. Við gerum þér gott tilboð.

Eigum mikið af notuðum felgum á margar gerðir bifreiða.

Það margborgar sig að eiga dekkinn tilbúin á felgum.